Launahækkanir til allra

Ekki uppskrift frá SA og ASÍ. **BLS 4**

Heimanámið enn hausverkur!

Upplifun foreldra með ADD og ADHD. **BLS 18**

Skólaverðan

4.TBL. 10.ÁRG. 2010



Brýnt að bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir Bls 7

LEIKUR OG NÁM

Hefur þú skoðað gagnvirka vefi á Krakkasíðum og Unglingasíðum Námsgagnastofnunar?

Lesum og skoðum orð

Orðakistur Krillu

Æfum íslensku

Lestur og leikur

Algebruvefurinn


Almenn brot

Fingrafimi

Orðaleikir

Fjaran og hafið

Fuglavefurinn

Play with English

Iceland in English

www.nams.is

Plöntuvefurinn

Prósentur

Ritfærni

Málfarsmolar

Lesþjálfi

Think about it

Vogin

Write right

Kynfræðsluvefurinn

Lífsleikurinn

Málfræðigreining

Íslensku húsdýrin

Allar hljóðbækur Námsgagnastofnunar eru aðgengilegar til niðurhlaðs af

www.nams.is

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á því námsefni sem er í boði fyrir grunnskóla að skrá sig á póstlista Námsgagnastofnunar og fá sendar tilkynningar um allt nýtt efni sem kemur út.

NÁMSGAGNASTOFNUN

Námsgagnastofnun • Víkurhvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími 5350400

Kristín Elfa Guðnadóttir

„Kennarinn er kjölfestan í menntakerfi okkar“

Í sumar var haldið námskeið sem margir kennarar frá Norðurlöndum tóku þátt í og sagt er frá hér i blaðinu. Þar var varað við afleiðingum tiltekinnar gerðar stjórnsýslu sem kölluð er *New Public Management* fyrir skólakerfið. Þessi stjórnsýsla er grundvölluð á markaðshyggju, einkarekstri og nýfrjálshyggju. Í skjóli hennar þrífst tortryggni: *Er starfsmaðurinn að gera það sem hann á að gera*? Starfsmaðurinn, í þessu tilviki kennarinn, á að hámarka menntun. En vel að merkja, einungis þá menntun sem er talin ábatasöm fyrir markaðinn. Besta leiðin til að ganga úr skugga um það er eftirlit, mælingar og stutt og hraðverkandi nám, eins konar eðalspítt menntakerfisins. Alið er á samkeppni og stjórnmálamenn, embættismenn og fjölmiðlar fá um það skilaboð að kennarar, sem samkvæmt hefðinni vilja standa vörð um kjarngóða þekkingu þar sem ekki er tjaldað til einnar nætur, séu viðsjárverðar skepnur.

Árið 1953 reit dr. Símon Jóhannes Ágústsson í grein sinni *Aðbúð og geðvernd kennara* að kennarastarfið væri ekki heiglum hent: „Það reynir bæði á líkamlega og andlega hreysti og þolgæði að kenna 5-6 stundir á dag börnum og unglingum, sem oft er erfitt að hafa sæmilegan aga á.“ Símon taldi að hægt væri að auðvelda kennurum lífið með góðum aðbúnaði. Svo sagði hann: „Stundum er kennarinn hálfgerður utanveltubesefi, eins konar útlendingur, sem aldrei er tekinn til fulls inn í það samfélag sem hann starfar í og fyrir. Auga almennings hvílir ávallt á honum, umvöndunin og kröfurnar, sem gerðar eru til hans, geta verið þvingandi og ósanngjarnar.“ Og síðar í greininni að „[a]fburðamenn í kennarastétt eru sennilega jafnfágætir að tiltölu og afburðamenn í öðrum stéttum. Þar er mest af meðalmönnum, sem geta dugað vel við góð skilyrði, og loks eru þar ýmsir sem ættu að finna sér annað starf.“

Minnir þetta ekki sterklega á það sem við stöndum frammi fyrir núna? Erfiðleikarnir eru umtalsverðir og kennarar, eru þeir ekki venjulegt fólk eins og aðrir? Börn og ungmenni eiga erfitt uppdráttar, mörg þeirra fá ekki uppeldi sem skyldi og samfélagið svíkur þau um þroskandi skólaferðir, listmenntun, tíma fyrir ígrundun og að fá að kynnast sjálfum sér og öðrum í öruggu umhverfi. Hvað er til ráða? Hvað verður kennurum til varnar í þessari baráttu? Svarið sem Elna Katrín Jónsdóttir gefur í erindi sínu á svæðisþingum tónlistarskólakennara um þessar mundir er: *Fagmennska*. Hún vitnar í Kant sem segir að engin afsökun önnur en leti og ragmennska sé lengur fyrir því að losa sig úr viðjum ósjálfræðis - líka þess ósjálfræðis sem felst í því að lúta ógagnrýnið forystu annarra. „Af þessu verður að draga þá ályktun,“ segir Elna, „að sá sem telur sig menntaða manneskju verði að vera hugsandi manneskja og samkvæmt Kant þýðir það um leið að vera siðferðileg manneskja.“ Elna fjallar um kennara sem hugsandi og hugrakkar manneskjur sem tengja „með fagmennsku sinni saman þekkingu sína og siðferðileg gildi“, og brýnir þá auðvitað til þess í leiðinni að sækja fram, móta og skapa. En um leið „að sýna festu og horfa ákveðið til langtímaáhrifa og árangurs um starf á sviði skóla- og menntamála, málefna er snerta velferð nemenda, málefna kennaramenntunar, kennarastarfsins og kennarastéttarinnar.“

Síðasta manneskjan sem ég get ekki látið hjá líða að vitna í er Katrín Jakobsdóttir. Í pistli sínum *Velferð í skólum* á vef menntamálaráðuneytisins segir hún meðal annars: „Ég leyfi mér að fullyrða að fyrir þjóð sem er að byggja sig upp skiptir öflugt menntakerfi sköpum. Árangur í uppbyggingu samfélagsins byggist ekki síst á samstöðu og fagmennsku þeirra sem starfa í skólunum í góðu samstarfi við grenndarsamfélagið.

Í nýju menntalögunum frá 2008 er lögð áhersla á velferð, öryggi og jákvæðan skólabrag í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og að allir nemendur fái notið skólavistar, með jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi. Kennarinn er kjölfestan í menntakerfi okkar. Þegar allt kemur til alls er kennarinn, líðan hans, áhugi og fagmennska ein meginforsenda fyrir góðu skólastarfi þar sem hver nemandi skiptir máli. Góður kennari getur gert kraftaverk.“

Kristín Elfa Guðnadóttir

3 **Leiðari**

4 **Spjörunum úr**
Eiríkur Jónsson

7 **Málefni**
Fjölbreyttar námsleiðir

14 **Skólastarf**
Heilsueflandi skóli

16 **Fólkið**
Námsaðstoð Guðríðar

18 **Fræðin**
Foreldrar með ADHD

22 **Námsgögn**
Stoðkennarinn

24 **Samræða**
Ólafur og Björk um siðareglur

26 **Skólastarf**
Útikennsla

30 **Fræði**
NLS sumarnámskeið

32 **Námsferð**
Litli prinsinn

34 **Fagfélagið**
FTT

36 **Fólkið**
Líðan kennara

40 **Skólastarf**
Misskilningur um trúnað

42 **Menntapólitík**
Tónlistarfræðsla

48 **Slaka á**

50 **Smiðshöggið**
Verk sem hlaut viðurkenningu

Stutt á bls. 6, 44, 46

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson (js), nema annars sé getið.

Forsíðumynd: Drífa Magnúsdóttir. Börn í 2. Bekk í Egilsstaðaskóla hjá Klofasteini á göngudegi skólans.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold.

Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.

Texti: keg
Mynd: js

Launahækkanir verða að skila sér til allra félagsmanna

Formaður: Eiríkur Jónsson, KÍ

Eiríkur, hvað er að gerast í kjaramálunum?
Við höfum verið að funda hér innanhúss, bæði stjórn KÍ og kjararáð, og einnig hafa formenn aðildarfélaga rætt þessi mál á formlegum og óformlegum fundum. Það ríkir einhugur um að í komandi kjarasamningum þurfi að semja við Launanefnd sveitarfélaga um að kennarar og stjórnendur sem vinna hjá sveitarfélögunum fái hliðstæðar kjarabætur og samið hefur verið um við aðra kennara, til viðbótar því sem um semst almennt.

Kennarasambandið hefur haft það á stefnuskrá sinni árum saman að meta beri menntun og ábyrgð til launa. Nú er verið að lengja kennaramenntun og því tekur lengri tíma að afla sér réttinda til kennslu en áður var. Þetta er grundvallaratriði sem meta verður til launa.

Kennarasambandið mun krefjast þess að kjarabætur í komandi kjarasamningum verði raunverulegar og að þær skili sér til allra félagsmanna en ekki einungis þeirra sem lægst hafa launin. KÍ hefur alla tíð stutt hækkun lægstu launa og gerir enn en nú er algjörlega nauðsynlegt að hækkanir nái líka til þeirra sem ofar eru. Þeir hafa margir hverjir tekið á sig verulega mikið aukna skattbyrði ásamt því að yfirvinna hefur minnkað eða horfið og þola þannig mun meiri kaupmáttarskerðingu.

Tekur KÍ þátt í samfloti við gerð kjarasamninga?
Félög innan KÍ munu örugglega ekki taka því að fá upp í hendurnar uppskrift af kjarasamningum sem samin er af SA og ASÍ eins og raunin var síðast. Það er ekkert sem mælir gegn því að aðilar hafi með sér samstarf við gerð kjarasamninga í haust en forsendur þess verða að vera þær að sjálfstæður samningsréttur stéttarfélaga sé virtur að fullu.

Hvað með niðurskurð og skattahækkanir?
Það hefur lengi legið ljóst fyrir að samtök opinberra starfsmanna vilja verja velferðarkerfið og þar með skólana gegn niðurskurði. Sú stefna hefur ekki breyst. Þess vegna hafa samtök opinberra starfsmanna ekki staðið eins hart gegn skattahækkunum og aðilar hins almenna vinnumarkaðar. Ég á von á því að þessi ágreiningur sé enn til staðar. Í þessu sambandi er mikilvægt að muna að við fjárfestum í menntun og sú fjárfesting er undirstaða velferðar þjóðarinnar á komandi árum. Þess vegna er niðurskurður í menntakerfinu þjóðhagslega hættulegur.

En lífeyrismálin?
Öllum er ljóst að SA og ASÍ hafa á köflum farið hamförum gegn lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Nú er í gangi vinna á grundvelli svokallaðs stöðugleikasáttmála um framtíðarskipulag lífeyrismála. KÍ er þátttakandi í þeirri vinnu og á þeim vettvangi er stefna okkar skýr. Skerðing á lífeyrisréttindum félagsmanna okkar kemur ekki til greina enda um kjarasamningsbundin réttindi að ræða.

Áherslur KÍ í hnotskurn?
Við ætlum að verja réttindi félagsmanna okkar, sækja kjarabætur sem skila sér til allra og krefjumst þess að sjálfstæður samningsréttur stéttarfélaga verði virtur.

„Ég vil rækta það mikilvægasta í lífinu!“



Sjálfvirkt heimilisbókhald færir fyrir þig öll útgjöld og allar tekjur. Snjöll lausn fyrir fjármál heimilisins. Í hvert sinn sem greitt er með greiðslukorti, reikningur er greiddur eða laun borguð út birtist færslan sjálfkrafa undir viðeigandi útgjalda- eða tekjulið. Þú ert með allt sem snertir fjármálin þín á einum stað. Gott skipulag á fjármálunum sparar þér bæði tíma og peninga, sem þú getur þá varið í eitthvað annað, til dæmis það sem er mikilvægast í lífi þínu.

Náðu betri árangri í fjármálunum með sjálfvirku heimilisbókhaldi Byrs. Kannaðu málið á byr.is.

Heimabanki Byrs er með sjálfvirkt heimilisbókhald

Vertu með heimabanka sem sér um fjármálin með þér

BYR

Þórður Á. Hjaltested varaformaður FG á kafi í námsgögnum á sýningunni.

Vegurinn heim - hvað er það?

Námsgagnastofnun hélt árlegu námsgagnasýningu sína þann 17. ágúst sl. og þar var margt á boðstólum, meðal annars dásamleg íslensk heimildamynd, *Vegurinn heim*. Myndin er byggð á viðtölum við fimm börn innflytjenda á Íslandi og í henni ræða þau um líf sitt hér á landi og lýsa upplifun sinni af því að vera á mörkum ólíkra menningarheima. *Veginum heim* fylgja aðgengilegar kennsluleiðbeiningar með fjölbreyttum og áhugaverðum hugmyndum að umfjöllun með nemendum á öllum aldursbilum grunnskóla. Þetta er flott innlegg í fjölmenningarkennslu og fær fimm stjörnur hjá mér.



Ég bendi kennurum líka á ódýrt ítarefni á útsölu Forlagsins á Fiskislóð í Reykjavík þessa dagana, það er bókin *Kynþáttafordómar – hvað er það pabbi?* Kostar bara 390 kr. á útsölunni. Ekki vanþörf á að bretta upp ermar í þessum málum eins og nýlegar fréttir af íslenskum rasisma sýna.

keg

Skólavarðan og dreifing hennar

Færð ekki blaðið nema skrá þig

Félagsmenn KÍ geta nú fengið Skólavörðuna senda heim með því að skrá nafn og netfang á **www.ki.is**. Þar er til þess gerður hnappur (sjá mynd) sem ber titilinn SKÓLAVARÐAN SEND HEIM Á PAPPÍR. Hafi félagsmaður áður fengið blaðið heimsent þarf samt sem áður að skrá sig vilji hann fá það áfram.

Nokkur eintök verða jafnframt send í skóla, tvö til níu eftir fjölda félagsmanna. Spurt hefur verið hvort fólk þurfi að borga fyrir þetta aukalega en svo er ekki. Ef félagsmaður lendir

í vandræðum með að skrá sig er hægt að senda nafn og kennitölu til **kristin hjá ki.is** og við skráum fyrir viðkomandi.

Skólavarðan kemur eftirleiðis út fjórum sinnum á ári. Eplið, rafrænt fréttabréf kemur út að meðaltali tólf sinnum á ári.

Kennarar, kynnið ykkur ótal spennandi fræðslumöguleika í Listasafni Reykjavíkur www.listasafnreykjavikur.is eða sendið fyrirspurn á fraedsludeild@reykjavik.is

Treflagjörningur í Ásmundarsafni

Verkefnið Bíll í Hafnarhúsi.

Listasafn Reykjavíkur

Safn–fræðsla:

Skólaárið 2010–2011

Líflegt nám á safni

Klippimynd eftir Erró, Án titils, 2006.

Verk í Flökkusýningu 2 eftir Louisu Matthíasdóttur. Þingvallavatn, 1989.

Ásmundarsafn
Hafnarhús
Kjarvalsstaðir

Texti: Hallur Þorsteinsson
Myndir: Finnbogi Marinósson og js

Brýnt að bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir

Aukið svigrúm til þróunar námsbrauta og nýtt framhaldsskólapróf eru meðal stórra breytinga sem ný lög um framhaldsskóla fela í sér. Margir unglingar í grunn- og framhaldsskólum eiga erfitt með að finna sér nám við hæfi og mikið brottfall er úr námi eftir að skyldustiginu lýkur. Kennarar og skólastjórnendur hafa nú aukinn stuðning í lögum til að koma betur til móts við þennan hóp nemenda en áður en brýnt er að fylgja lögunum eftir og ráðstafa fé til þessa gríðarlega mikilvæga málaflokks. **Hallur Þorsteinsson** skoðaði nokkrar hliðar á þessu máli og ræddi við kennara, áfangastjóra, náms- og starfsráðgjafa og sérfræðing í menntamálaráðuneytinu sem öll koma að fjölgun námsleiða og framkvæmd menntalaga en með ólíkum hætti.

Þórir Ólafsson

Með nýjum lögum er framhaldsskólum veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu skólanna og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum. Þá er miðað að því að efla ráðgjöf og stuðning við nemendur og taka upp framhaldsskólapróf.

„Frestur skóla til að semja sig að kröfum laganna hefur verið framlengdur til 2015 svo að enn kann að líða nokkur tími áður en þessi mynd fer að skýrast.“

Með nýjum lögum um framhaldsskóla árið 2008 voru innleiddar þær veigamiklu breytingar að samræmd lokapróf voru felld niður og lögfestur var réttur ólögráða ungmenna til skólavistar í framhaldsskólum. Innritun í framhaldsskóla skal nú byggjast á fjölbreyttu námsmati úr grunnskóla og öðrum þáttum sem miða að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Með því að lögfesta fræðsluskyldu til 18 ára þurfti því að auka kröfur um fjölbreytt nám og að framhaldsskólinn þjónaði nærumhverfi sínu betur en áður.

Meðal þess sem kveðið er á um í lögunum um framhaldsskóla er frelsi sem þeim er veitt til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum. Þá er með lögunum miðað að því að efla ráðgjöf og stuðning við nemendur og taka upp framhaldsskólapróf sem byggt verði á sérstökum námsbrautum og svari til 90-120 eininga náms á framhaldsskólastigi.

Í greinargerð sem lögð var fram með lagafrumvarpinu segir að miðað sé við að framhaldsskólar semji lýsingar fyrir sérstakar námsbrautir þar sem reynt er að koma til móts við þarfir nemenda sem ekki hyggja á önnur próflok. „Slíkt nám mundi koma í stað náms sem skipulagt hefur verið og í boði er undir formerkjum almennra brauta framhaldsskóla. Vonir standa til að tilkoma þessa prófs geti orðið mikilvægur liður í að draga úr brottfalli nemenda en það er undir einstökum skólum komið, með atbeina og stuðningi menntamálaráðuneytis, hvort þessi leið muni skila árangri,“ segir í greinargerðinni.

Þórir Ólafsson, sérfræðingur á skrifstofu menntamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, segir að enn sé lítið hægt að fullyrða um hvað muni einkenna námsbrautir sem lýkur með framhaldsskólaprófi.

„Það mun ráðast af tillögum skólanna um nýjar námsbrautir, en þær á ráðuneytið að staðfesta eins og lög kveða á um. Frestur skóla til að semja sig að kröfum laganna hefur verið framlengdur til 2015 svo að enn kann að líða nokkur tími áður en þessi mynd fer að skýrast,“ segir Þórir.

Hann segir að sér þyki líklegt að skólarnir muni að nokkru leyti skipuleggja framhaldsskólapróf af sérstökum námsbrautum í anda þess sem nú fellur undir almennar námsbrautir. Jafnframt geri hann ráð fyrir að ýmsar nýjar og fjölbreytilegar útfærslur á námi til framhaldsskólaprófs muni líta dagsins ljós og verði talsvert ólíkar því sem nú sé að finna á almennum brautum.

„Þá er vert að nefna að framhaldsskólapróf er í lögunum skilgreint sem eitt af formlegum lokaprófum í framhaldsskólum. Það er nýmæli og kann að skipta talsverðu máli þegar að framboði náms á þessum brautum kemur,“ segir Þórir.

Frá vinstri; Steinunn, Fríða og Guðrún

„Við vildum bjóða þeim nám við hæfi, hætta að spóla í námsefni sem búið er að reyna að vinna með í áratug með sáralitlum árangri og beina sjónum í aðrar áttir."

Nýjar námsleiðir hefur vantað í framhaldsskólann

Kennsla á framhaldsskólabraut hófst í Menntaskólanum í Kópavogi nú í haust samkvæmt lögum um framhaldsskóla og verður brautin kennd til reynslu í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Ýmsar nýjungar eru á brautinni varðandi námsmarkmið, fyrirkomulag, kennsluhætti og námsefni, nemendur munu að hluta glíma við nýjar námsgreinar og verður sveigjanleiki í námi og námsmati eins mikill og kostur er. Námið verður einingabært og námslok með ýmsum hætti eftir þörfum hvers og eins. Hægt er að ljúka framhaldsskólaprófi og útskrifast frá Menntaskólanum í Kópavogi í fyllingu tímans.

Sveigjanleiki er lykilatriði

Þær **Steinunn Inga Óttarsdóttir** áfangastjóri og **Guðrún Helgadóttir** náms- og starfsráðgjafi tóku að sér að skipuleggja og gera drög að námskrá fyrir framhaldsskólabrautina í MK. Þær segja að vantað hafi fleiri námsleiðir í framhaldsskólann þar sem þangað sæki æ fjölbreyttari nemendahópur.

„Við sáum þarna leið í nýjum lögum til að koma til móts við þetta og tókum þá stefnu að beina athygli sérstaklega að þeim nemendum sem standa höllum fæti, hafa ekki náð tilskildum árangri í grunnskóla af margvíslegum ástæðum eða eiga við ýmsa námsörðugleika að etja. Við vildum bjóða þeim nám við hæfi, hætta að spóla í námsefni sem búið er að reyna að vinna með í áratug með sáralitlum árangri og beina sjónum í aðrar áttir," segja þær Steinunn Inga og Guðrún.

Þær segjast hafa viljað prófa nýjar nálganir í kennsluháttum, námsefni og námsmati og reyna að laga kerfið að nemandanum en ekki að troða honum inn í einhæft og stíft kerfi.

„Samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum á hver og einn að geta fundið sér námsleið við hæfi og sveigjanleiki er lykilatriði í því efni. Þetta er allt á tilraunastigi, við sóttum um styrk til ráðuneytisins til að prófa þetta og fengum hluta fjárins sem sótt var um. Við höfum starfrækt mjög gott almennt fornám hér í MK árum saman og byggjum á þeirri reynslu. Kennsla á brautinni er afar krefjandi þar sem margir nemendanna glíma við alvarlegan athyglisbrest og ofvirkni og það getur tekið á taugar allra sem að því koma. Í framhaldsskólanum eru sérkennarar ekki á hverju strái en við höfum fengið reynda og góða kennara til að glíma við þetta og það gengur ágætlega. Við höfum þá trú að við getum komið til móts við þessa nemendur, skapað jákvæða skólareynslu og eflt sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd svo að úr þeim verði nýtir þjóðfélagsþegnar," segja Steinunn Inga Óttarsdóttir og Guðrún Helgadóttir.

Kurteisi, umburðarlyndi og skipulögð vinnubrögð

Fríða Proppé íslenskukennari hefur umsjón með framhaldsskólabrautinni í MK og segir hún 25 nemendur vera á brautinni og sé þeim skipt í tvo hópa í flestum áföngum. Piltar eru í miklum meirihluta en stúlkurnar aðeins fjórar.

„Nemendur eiga nú samkvæmt lögum rétt á að vera í framhaldsskóla til 18 ára aldurs, svo fremi að þeir brjóti ekki skólareglur," segir Fríða. Á framhaldsskólabrautinni í MK er lögð mikil áhersla

Allir eiga að geta látið framtíðardrauma sína um menntun rætast. Þegar unnið er með krökkunum á framhaldsskólabrautinni koma ýmsir hæfileikar í ljós þótt þeir flokkist ekki undir málgreind sem almennt skólastarf byggist að stærstum hluta á.

á almenna skólasókn og segir Fríða að ennfremur verði boðið upp á starfskynningu á vinnustaði og vettvangsferðir.

„Vettvangsferðirnar eru samþættar námsgreinum eftir föngum. Fyrsta ferðin var farin í Hellisheiðarvirkjun og Draugasetrið á Stokkseyri. Efni úr ferðinni var síðan nýtt í mörgum námsgreinum. Nemendur eiga þess einnig kost að hafa áhrif á viðfangsefni sín. Í áfanganum *Samfélagið í nærmynd* völdu þau til dæmis stríðsátök," segir Fríða.

Mikið er lagt upp úr kurteisi, umburðarlyndi og skipulögðum vinnubrögðum á framhaldsskólabrautinni að sögn Fríðu og haldnir eru vikulegir fundir með nemendum þar sem farið er yfir námsframvindu, samskiptamál, líðan nemenda og fjallað almennt um gang mála. Þá er samband við forráðamenn nemenda náið og haldinn að minnsta kosti einn fundur með þeim í skólanum á hverri önn auk þess sem forráðamönnum er sent fréttabréf vikulega.

Meiri sveigjanleiki í efnisvali og námsmati en á öðrum námsbrautum

Aðspurð um hvernig framhaldsskólabrautin sé í samanburði við hefðbundnar námsbrautir segir Fríða að fyrir það fyrsta sé annarskipan öðru vísi. Önnin miðist við árið og í mörgum áföngum sé unnið með tvískiptan hóp. Annar hópurinn sé til dæmis í íslensku, ensku og tölvunarfræði fram til 15. október en skipti þá við hinn hópinn sem hefur lokið hálfri önn í stærðfræði, samfélagsfræði og sjálfbærni. Hóparnir tveir séu svo saman í matreiðslu, framreiðslu og heilsueflingu.

„Eftir áramót ljúkum við önninni með sams konar skiptingu. Þetta skapar meiri fjölbreytni og kemur í veg fyrir námsleiða. Við gerð námsáætlana eru höfð að leiðarljósi hagnýti og ný nálgun sem byggist m.a. á framlagi nemenda, ekki fyrirlestrarformi," segir Fríða.

Þar sem kennslan er á tilraunastigi segir Fríða að erfitt sé að segja til um árangurinn og í raun og veru sé um að ræða tilraunakennslu frá degi til dags. Við brautina starfa níu kennarar sem allir eru fagkennarar og kenna einnig við aðrar brautir skólans.

„Við vinnum þétt saman, fundum vikulega og berum saman bækur okkar. Eflaust er meiri sveigjanleiki bæði í efnisvali og námsmati það sem greinir framhaldsskólabrautina helst frá öðrum brautum skólans, ennfremur er aðhald og agi meiri," segir Fríða.

Námsmat byggir á virkni nemandans

Margir nemendur á framhaldsskólabraut hafa að sögn Fríðu átt við ýmiss konar erfiðleika að etja í grunnskólunum þar sem þeir hafa ekki fallið inn í rótgrónar og hefðbundnar kennsluaðferðir. Sveigjanleikinn sé þeim því mikilvægur, bæði í námsvali og námsmati.

„Eftirfarandi námslýsing á vel við á framhaldsskólabraut: „Segðu mér og ég gleymi. Sýndu mér og ég man. Leyfðu mér að prófa og ég skil." Námsmatið byggist þannig á virkni nemandans. Við kennararnir notum sameiginlegar ferilmöppur undir verkefnin þeirra og byggjum matið að stórum hluta á samvisku- og vinnusemi," segir Fríða.

Námið á framhaldsskólabrautinni er einingabært (þ.e. metið til eininga á fyrsta þrepi) og námslok verða með ýmsum hætti eftir þörfum hvers og eins en hægt er að ljúka framhaldsskólaprófi og útskrifast að loknum 90-120 framhaldsskólaeiningum. Fríða segir að nemendur geti útskrifast formlega af brautinni með framhaldsskólapróf eftir þrjár til fjórar annir eða haldið að lokinni einni eða tveimur önnum á brautinni ýmist inn á aðrar námsbrautir eða út í atvinnulífið. Útskrift hvers nemanda sé ráðgerð í samvinnu við umsjónarmann brautarinnar, námsráðgjafa og áfangastjóra.

Eitt meginmarkmiðið að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda

Fríða segir að nemendur á framhaldsskólabrautinni í MK hafi eðlilegar framtíðaráætlanir og sumir þeirra séu jafnvel ákveðnari í sínu vali en jafnaldrar þeirra á bóknámsbrautum. Þannig sé einn staðráðinn í að verða vélstjóri og annar ætli að verða smiður.

„Allir eiga að geta látið framtíðardrauma sína um menntun rætast. Kenningar Howards Gardners um fjölgreind koma fljótt í hugann þegar unnið er með krökkunum á framhaldsskólabrautinni því ýmsir hæfileikar koma í ljós þótt þeir flokkist ekki undir málgreind sem almennt skólastarf byggist að stærstum hluta á. Listrænir hæfileikar búa í mörgum nemenda okkar, einnig er í hópnum afreksfólk í íþróttum," segir Fríða.

Hún segir að eitt af meginmarkmiðum framhaldsskólabrautarinnar sé að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda og skila þeim út í lífið með nokkuð góða grunnþekkingu á helstu þáttum í námi og atvinnulífi.

„Tilgangurinn er ekki síst sá að nemendur átti sig á innviðum og uppbyggingu samfélagsins og hlutverki sínu í því. Ennfremur að þeir búi að loknu námi yfir jákvæðri skólareynslu sem skili sér í framtíðinni til afkomenda þeirra," segir Fríða Proppé að lokum.

Komið til móts við þá sem eiga ekki auðvelda leið inn í framhaldsskóla

Haustið 2004 tók til starfa fjölgreinadeild Lækjarskóla í Menntasetrinu við Lækinn, Fjölgreinadeildin er fyrir nemendur úr 9. og 10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa ekki náð að fóta sig í almennum grunnskóla. Fljótlega varð ljóst að þeir nemendur sem útskrifuðust úr deildinni væru fæstir reiðubúnir til að hefja hefðbundið framhaldsskólanám að loknum grunnskóla. Í kjölfarið, haustið 2006, var komið á laggirnar fjölgreinabraut sem er framhaldsskólaúrræði fyrir nemendur á aldrinum 16-18 ára.

Áhersla er lögð á að mynda samfellu í skólagöngu og sporna við brottfalli nemenda. Námið felur sérstaklega í sér áherslu á styrkingu sjálfsmyndar og félagsfærni.

Systurnar **Berglind og Sandra Borg Gunnarsdætur** kennarar eru umsjónarmenn fjölgreinabrautar og segja þær að með henni sé verið að koma til móts við sérstaka stöðu þessara nemenda. „Deildin er hugsuð sem úrræði fyrir þá einstaklinga sem eiga ekki auðvelda leið inn í framhaldsskóla af ýmsum ástæðum og þurfa aukinn undirbúning fyrir dæmigert nám í framhaldsskóla, til dæmis iðnnám eða inn á almennar stúdentsbrautir," segja þær.

Brautin var og er rekin sem hluti af Lækjarskóla og hafði fyrsta skólaárið aðsetur í Dvergi en er núna í húsnæði Menntasetursins við Lækinn. Upphaflega gerði samningurinn ráð fyrir því að við brautina væru tólf nemendur í fullu námi en á haustönn 2008 var mikil ásókn í brautina og fékkst þá viðbótarfjármagn frá menntamálaráðuneyti til að koma til móts við þann fjölda sem sótti um, eða allt að átján nemendur. Á þriðja starfsári brautarinnar 2009 var gerð úttekt á starfinu á vegum ráðuneytisins þar sem fram kemur að almenn ánægja er með starf brautarinnar í skólasamfélaginu, hjá nemendum sjálfum sem og foreldrum.

Á vorönn 2009 lauk tilraunaverkefninu en í ágúst sl. skrifuðu Hafnarfjarðarbær og mennta- og menningarmálaráðuneytið upp á samstarfssamning um rekstur fjölgreinabrautar frá 2010-2012 sem er í raun framhald á þeim samningi sem gilti 2006-2010.

„Í samninginum felst að Hafnarfjarðarbær starfrækir áfram fjölgreinabraut í svipaðri mynd og áður þar sem miðað er við að nemendur séu á bilinu 15-20 á hverjum tíma og er starfrækt í nánu samstarfi við Flensborgarskóla og Iðnskólann í Hafnarfirði. Að loknum samningstímanum er stefnt að því að námið færist algjörlega á ábyrgð framhaldsskólanna," segja þær Berglind og Sandra. „Nú stunda tuttugu nemendur nám við fjölgreinabraut Lækjarskóla og koma þeir víða að sem sýnir að þörfin fyrir svona úrræði er mikil, enda hefur nemendum við brautina fjölgað frá ári til árs."

Nemendur fá þann tíma sem þeir þurfa til að ná námsmarkmiðum

Þær segja að með fjölgreinabrautinni sé lögð áhersla á að mynda samfellu í skólagöngu og sporna við brottfalli nemenda. Námið feli sérstaklega í sér áherslu á uppbyggingu og styrkingu sjálfsmyndar sem og félagsfærni þar sem nemendum sé tryggt nám við hæfi.

„Leitast er við að uppfylla anda og ákvæði framhaldsskólalaga um námsframboð á framhaldsskólastigi fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri við lok grunnskólans og falla illa að náms-



„Í vetur kemur inn nýtt fag hjá okkur, vinnustaðamennt, sem er verklegt nám og fer fram á hinum ýmsu vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu.“

framboðum á almennum brautum eða starfsbrautum framhaldsskólanna. Fjölgreinabrautin er fornámsbraut þar sem áhersla er lögð á íslensku, stærðfræði og ensku. Þar fá nemendur tækifæri til að ljúka fornámi á lengri tíma en í öðrum framhaldsskólum eða á allt að tveimur árum, allt eftir þörfum hvers og eins.“

Berglind og Sandra segja að þeim nemendum sem hafa náð fullnægjandi árangri á grunnskólaprófi eða hafa lokið fornámi í einu eða fleiri fögum gefist kostur á að taka einingabæra áfanga í þeim fögum. Þannig sé komið til móts við þarfir hvers nemanda.

„Námið er skipulagt með hliðsjón af fornámsáföngum Iðnskólans í Hafnarfirði og Flensborgarskólans. Námsefni er það sama þannig að kröfur til nemenda eru þær sömu, en fjölgreinabraut Lækjarskóla sker sig úr á þann hátt að nemendur fá þann tíma sem þeir þurfa til að ná námsmarkmiðum áfanganna, eða allt að fjórar annir. Þannig er námið sniðið að þörfum nemenda,“ segja þær.

Verklegt nám á vinnustöðum spennandi viðbót

Samhliða bóknámi hafa verið í boði íþróttir, tölvukennsla, tjáning o.fl. sem eru allt einingabærir áfangar og til að gera námið meira aðlaðandi fyrir nemendur hafa verið í boði fjölbreyttar verklegar greinar þar sem sérþekking og hæfileikar kennara fjölgreinabrautar á hverjum tíma fá að njóta sín. Má þar nefna skartgripagerð, textilmennt, matreiðslu, myndlist, leirlist, smíðar og kvikmyndaryni. Þessar greinar gefa einingar sem fylgja nemendunum áfram innan skólakerfisins.

„Í vetur kemur inn nýtt fag hjá okkur en það er vinnustaðamennt sem er verklegt nám og fer fram á hinum ýmsu vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Nemandinn fær að kynnast ákveðnum vinnustað og þjálfast í að byrja á verki, rekja sig í gegnum verkþætti og ljúka verki á viðunandi hátt. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði, úthald og einbeitingu. Þarna gefst nemendum kostur á að kynnast vinnustöðum sem vekja áhuga þeirra og vera virkir þátttakendur á vinnustað,“ segja Berglind og Sandra.

Hver lota í vinnustaðamennt stendur yfir í þrjár vikur og er námið sex klukkustundir á viku þannig að nemendur geta lokið við allt að fjórar einingar á hvorri önn. Að loknum þremur vikum fer fram mat á frammistöðu nemandans og ljúki hann áfanganum með viðunandi hætti fær hann eina einingu. Nemendur fá ekki greidd laun fyrir þessa áfanga. Nemandinn á þess síðan kost að velja nýjan vinnustað og í einhverjum tilfellum er einnig hægt að halda áfram á sama vinnustað ef vinnuveitandi er því samþykkur. Starfsmenn brautarinnar leitast við að finna vinnustaði sem vekja áhuga nemenda og segja þær Berglind og Sandra að nú þegar hafi sextán vinnustaðir verið fengnir til samstarfs þar sem nemendur eru boðnir velkomnir.

„Okkur finnst þetta spennandi viðbót við það sem boðið hefur verið upp á við fjölgreinabrautina hingað til þar sem þetta veitir nemendum tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og sömuleiðis að prófa að starfa við það sem vekur áhuga þeirra, reyna jafnvel eitthvað nýtt og öðlast á þann hátt nýja sýn á hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segja þær Berglind og Sandra Borg Gunnarsdætur.

GLEÐIÞJÁLFUN
Púlsinn námskeið
www.pulsinn.is

LÝÐHEILSUSTÖÐ

Þátttaka í verkefni um Heilsueflandi grunnskóla

www.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli

Lýðheilsustöð vinnur að því að koma á samstarfi við grunnskóla um verkefnið *Heilsueflandi grunnskólar.* Allir grunnskólar hafa í áranna rás með ýmsum hætti lagt sitt af mörkum til heilsueflingar nemenda sinna og starfsmanna, hver með sínu sniði og áherslum.

Með þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli* er horft heildstætt á flest það sem snertir heilsu og velferð nemenda í skólastarfinu en í hverju tilviki er byggt á þeim grunni sem fyrir er í hverjum skóla. Þátttaka veitir skólum yfirsýn og stuðning við að taka með markvissum hætti á öllum þáttum heilsueflandi skólastarfs, festa í sessi það sem vel er gert, fylla í eyður og tækifæri til að reyna eitthvað nýtt sem og að miðla reynslu og þekkingu milli þeirra sem að verkefninu koma.

Skólar sem taka þátt fá „*Handbók heilsueflandi grunnskóla*“ og á vef Lýðheilsustöðvar er efni um hvern af átta efnisflokkum handbókarinnar, auk þess sem bent er á gott stuðningsefni sem honum tengist. Á vefsíðunni er eyðublað sem skólar, sem óska eftir að taka þátt, fylla út og senda Lýðheilsustöð. Verkefnið er í stöðugri þróun með aðkomu allra sem taka þátt.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér *Heilsueflandi grunnskóla* og verkefnisstjóri þiggur með þökkum allar ábendingar og tillögur.

Heilsueflandi skóli

Texti: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir
Myndir: Drífa Magnúsdóttir

Ef öll þessi markmið nást ættu þau að vera besta forvörnin: Einstaklingur með sterka sjálfsmynd sem kann að bera ábyrgð á eigin heilsu.

Þróunarverkefnið *Heilsueflandi skóli* í umsjón Lýðheilsustöðvar á vaxandi fylgi að fagna enda toppfólk sem að því stendur og faglega unnið í hvívetna. Margir grunnskólar eru komnir af stað í verkefninu og framhaldsskólar eru í startholunum, *Flensborgarskóli* verður forystuskóli á framhaldskólastigi í vetur og *Egilsstaðaskóli* stefnir á að verða fyrsti heilsueflandi grunnskólinn hérlendis samkvæmt viðmiðum Lýðheilsustöðvar. **Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttur** deildarstjóri í síðarnefnda skólanum og formaður stýrihóps um verkefnið segir okkur frá heilsueflingunni á Egilsstöðum.

Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Egilsstaðaskóli stefnir á að verða fyrsti heilsueflandi grunnskóli á Íslandi samkvæmt viðmiðum frá Lýðheilsustöð. Ísland á aðild að samtökum heilsueflandi skóla í Evrópu og nú þegar eru skólar í 46 löndum skráðir til leiks. Skólinn þarf að uppfylla ákveðnar kröfur sem Lýðheilsustöð setur fram og er gott samstarf á milli starfsmanna hennar og stýrihóps verkefnisins. Þess má geta að Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið á Íslandi en Egilsstaðaskóli var fenginn til að þróa og staðfæra reglur, gátlista og inngönguskilyrði að íslenskum aðstæðum í samstarfi við Lýðheilsustöð.

Vinnan að þessu stóra heildstæða verkefni hófst haustið 2008. Markmiðið er að auka heilsueflingu í skólanum. Innleiðing verkefnisins tekur þrjú ár og eru misjafnar áherslur á hverju ári. Veturinn 2008-2009 var lögð áhersla á hreyfingu og mataræði,veturinn 2009-2010 var áhersla á skólabraginn og andlega líðan og veturinn 2010-2011 verður lögð áhersla á samstarf við nærsamfélagið og foreldra.

Skólinn hefur unnið markvisst að heilsueflandi starfi með vitundarvakningu innan sinna veggja sem á að ná bæði til nemenda og starfsfólks. Staðið hefur verið fyrir ýmsum viðburðum, vinnufundum og fræðslufundum. Búið hefur verið til fræðsluefni sem hefur verið dreift og kynnt í skólanum og á heimilum nemenda. Einnig eru reglulega gerðar ýmsar kannanir á líðan, hreyfingu og mataræði hjá nemendum sem og starfsfólki.

Heilsueflingarverkefnið sjálft á að ná til nemenda og starfsfólks skólans, aðila sem tengjast skólasamfélaginu, t.d. félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og foreldra. Tilgangurinn er að allir vinni saman og hafi sömu markmið. Sagt er að það þurfi heilt samfélag til að ala upp eitt barn og þess vegna er mikilvægt að allir vinni saman.

Til hvers þarf heilsueflingu í skólann okkar?

Heilsufar og menntun eru nátengd fyrirbæri. Heilsa nemenda ræður miklu um hvort þeir komast yfir höfuð í skólann og hvernig þeim gengur í náminu. Skólinn er því kjörinn vettvangur til að hvetja til

Glæra frá Sveinbirni Kristjánssyni verkefnisstjóra hjá Lýðheilsustöð.

kominn á flug

Heilsueflandi framhaldsskóli

Sjá nánar um heilsueflandi grunn- og framhaldsskóla á vef Lýðheilsustöðvar, lydheilsustod.is

heilsueflingar og heilbrigðra lifnaðarhátta meðal barna á skólaaldri.

Þegar talað er um heilsu þarf sérstaklega að hugsa um þrjá þætti, hreyfingu, næringu og andlega líðan. Ef unnið er markvist með þessa þætti ætti að koma út einstaklingur sem hreyfir sig reglulega, borðar hollan mat, líður vel andlega, kemur vel fram við aðra og hefur sterka sjálfsmynd. Ef öll þessi markmið nást ættu þau að vera besta forvörnin: Einstaklingur með sterka sjálfsmynd sem kann að bera ábyrgð á eigin heilsu.

Heilbrigðir lífshættir hafa fest sig í sessi innan Egilsstaðaskóla og það samfélag sem skólinn þjónar á að ganga að því sem vísu að skólinn sé í fararbroddi með heilnæmum skilaboðum og aðgerðum í þágu nemenda og starfsfólks. Stuðli með skemmtilegum verkefnum og viðburðum að heilbrigði og samkennd. Skólinn vill að hollusta og hreyfing séu ekki afmarkað verkefni heldur sjálfsagðir hlutir á öllum tímum.

Skólinn ætlar að setja sér stefnu í heilsueflingarmálum þannig að kennarar, foreldrar, nemendur og aðrir sem taka þátt í skólastarfinu hafi traustar leiðbeiningar og geti gripið til aðgerða í þeim málum.

Stefna ríkisstjórnarinnar (heilsustefna, heilsa er allra hagur, nóv. 2008) er að auka áherslu á forvarnir og heilsueflingu og stuðla að heilbrigði landsmanna. Nemendur og starfsfólk í Egilsstaðaskóla vilja svo sannarlega leggja sitt af mörkum til að stuðla að heilbrigði okkar fólks.

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is

Texti: keg

Hvernig skilar kennslan sér?

Guðríður Adda Ragnarsdóttir

Guðríður Adda Ragnarsdóttir kennari og atferlisfræðingur kennir nemendum sem eiga erfitt með lestur og stærðfræði svo þeir ná tökum á náminu. Hún heldur jafnframt kynningar á kennsluaðferðum og býður upp á handleiðslu og eftirfylgd, erindi, ráðgjöf og námssmiðjur.

Að hvaða leyti er sú kennsla og þjálfun sem þú býður frábrugðin öðrum námsúrræðum?

„Flestir nemendur mínir eru klárir stálpaðir krakkar sem ráða ekki við námsefni dagsins. Þau hafa ekki vald á lykilatriðum sem eru grundvöllur samsettra verkefna. Sum eiga erfitt með að læra að lesa og hafa fengið greiningu um dyslexíu. Öll ný atriði frumkenni ég með aðferð sem heitir *Direct Instruction* og hefur verið kölluð bein kennsla. Hún byggist á líkaninu *sýna – leiða – prófa*. Fyrst sýnir kennarinn hvað gera skal, svo endurtekur hann það ásamt nemendum. Að lokum svara þeir einir og óstuddir. Þá eru þeir tilbúnir að glíma við stuttar, tímamældar æfingar sem festa staðfest með haldbærum rannsóknum og reynsluprófunum. Hún hentar öllum og best er að beita henni frá byrjun í bekknum en bíða ekki eftir því að vandinn verði óviðráðanlegur.“

Hugtakið „Talnafjölskyldur“ er kennslutækni sem þú notar og hljómar mjög áhugavert, hvað merkir það?

„Talnafjölskyldur kalla ég safn æfinga sem ég hef útbúið fyrir krakka sem ráða illa við stærðfræði, hafa léleg talnatök og kunna ekki að reikna. Ég kenni samlagningu og frádrátt saman, og margföldun og deilingu saman í gegnum talnafjölskyldur. Talnafjölskyldur eru sambönd reiknireynda, það eru þrjár tölur sem alltaf passa saman. Flestar talnafjölskyldur hafa fjórar reiknireyndir. Dæmi um 3. fjölskyldu eru 3 4 7, 4 3 7, 7 3 4 og 7 4 3 í samlagningu og frádrætti, og 3 4 12, 4 3 12, 12 4 3 og 12 3 4 í margföldun og deilingu. Nemendur mínir læra þessi sambönd og þjálfast í að greina þau frá öðrum hópum þriggja talna sem ekki eru fjölskyldur, t.d. 3 4 8 og 3 4 13. Þegar nemendur hafa talnafjölskyldurnar sínar á hraðbergi, hafa þeir öðlast kunnáttu, öryggi og leikni sem skila sér áfram í orðadæmin og upp í stærðfræðina“.

Nemandi með leshömlun
Fjöldi rétt lesinna málhljóða þrefaldast í einni kennslustund



atriðið svo vel að þeir geta síðar beitt nýrri kunnáttu sinni og leikni í samhengi án þess að þurfa að hugsa sig um fyrst. Bókin mín *Læs í vor* er safn slíkra æfinga. Nemendur skrá jafnóðum hvað þeir hafa bætt sig á þar til gert línurit eða hröðunarkort. Þetta er svokölluð *Precision Teaching* eða hnitmiðuð færniþjálfun og ég valdi þessa samsettu kennslutækni vegna þess að ágæti hennar er

Þú notar líka meðal annars smelluþjálfun í þinni kennslu. Er það ekki eitthvað sem tengist hundaþjálfun?

„Síðastliðin tíu ár hef ég ekki kennt öðruvísi en að nota smellu. Smelluhljóðið er merki um að svar nemandans hafi verið rétt. Þegar ný námsatriði eru frumkennd og nemandinn þarf að svara munnlega kemur smelluhljóðið strax og örugglega á eftir rétta svarinu. Það fær þannig í sig eiginleika umbunar sem brúar bilið yfir í munnlegt hrós kennara og betri einkunnir. Smelluhljóðið felur einnig í sér upplýsandi viðgjöf og nemandinn veit hvort hann er á réttri leið. Ef bið verður á því leiðréttir nemandinn svarið. Hljóðið kemur þannig í veg fyrir að nemandinn endurtaki villur sí og æ. Villulaust nám styttir svo aftur leiðina að fyrirfram settu marki og nemandinn lærir á skemmri tíma en ella. Smellan er líka handhæg fyrir kennara þegar þeir ganga milli nemenda sem leysa skrifleg verkefni. Svo er hún ómetanlegt tæki til að kenna alla verkmennt og leikni eins og íþróttir. Með henni getur íþróttakennari fínstillt líkamsstöðu og vöðvabeitingu nemenda og varðveitt rödd sína í leiðinni.“

Geta kennarar haft samband við þig og fengið þig til að kynna fyrir þeim þessa blönduðu kennslutækni?

„Já, að sjálfsögðu. Síðastliðinn áratug hef ég kynnt bein fyrirmæli og hnitmiðaða færniþjálfun með erindum og námssmiðjum, á öllum skólastigum og á fjölmörgum ráðstefnum bæði víðs vegar um landið og í nágrannalöndum. Við getum skipt þessu í þrjú stig. **Í fyrsta lagi** held ég almenn kynningarerindi til að upplýsa og fræða. Þau eru með hefðbundnu sniði. Ég lýsi aðferðum, svara fyrirspurnum og sýni dæmi af verkefnum ásamt myndrænum gögnum um árangur nemenda. Fyrir kennara sem hafa brennandi áhuga á að skoða málið nánar er **næsta stig** námssmiðjur í einn eða tvo daga. Þá kenni ég kennsluaðferðirnar með aðferðunum sjálfum, það er eins konar sýnikennsla sem þátttakendur eru með í. Þeir eru þá sívirkir í munnlegum og skriflegum æfingum og prófa á eigin skinni hvernig þær virka og sjá hversu ört þeim fer fram. Kennarar sem vilja sjálfir beita aðferðunum *beinum fyrirmælum* og *hnitmiðaðri færniþjálfun* í kennslu þurfa hins vegar meira. **Þriðja stigið** felst í þjálfun á vettvangi með þéttri handleiðslu, ráðgjöf og eftirfylgd. Auðvitað væri árangursríkast og eðlilegast að kennarar hefðu þegar þekkingu og leikni á þessari kennslutækni úr kennaranámi. Starf mitt yrði þá frekar að vera þeim innanhandar sem félagi í nánari starfsþróun,“ segir Guðríður Adda að lokum.



Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.
Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.
Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is

LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Bankastræti 7 • 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150
sereign@lsr.is • www.lsr.is

Sigurlaug Elva Ólafsdóttir

Texti: Sigurlaug Elva Ólafsdóttir
Höfundur er sérkennari í Oddeyrarskóla
Mynd: Finnbogi Marinósson

Samstarf umsjónar-kennara og foreldra

Upplifun foreldra með ADHD eða ADD af heimanámi eigin barna

Hér segir Elva Ólafsdóttir sérkennari frá rannsókn sem hún vann undir leiðsögn Ingibjargar Auðunsdóttur sérfræðings á miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Markmiðið var þríþætt: Að öðlast skilning á fullorðnum með ADHD, dýpka skilning á reynslu foreldra með ADHD eða ADD á heimanámi barna sinna og skoða samskipti umsjónarkennara við þennan foreldrahóp.

Maður er náttúrulega oft svolítið mikið á undan sjálfri sér og þá er maður bara alltaf að reka sig í bæði í dauða og lifandi hluti sem skapar bara ringulreið. Og sá sem hefur alltaf verið svona, hann heldur að þetta eigi að vera svona.

Rætt var við þrjár mæður með ADHD eða ADD og þrjá umsjónarkennara barna þeirra. Hingað til hefur ADHD meðal fullorðinna lítið verið rannsakað og enn minna er vitað um samskipti foreldra með ADHD við skóla, bæði hvað varðar þeirra eigin skólagöngu sem og skólagöngu þeirra eigin barna. Í þessari grein verður almennt notast við alþjóðlegu skammstöfunina ADHD, það er athyglisbrestur með ofvirkni.

ADHD og eigin skólaganga

Mæðurnar þrjár sem voru á aldrinum 33 - 46 ára fengu greiningu á árunum 2005-2009. Þær eiga allar börn með ADHD og/eða einhverfu greiningu. Það skipti þær miklu máli að fá greiningu, en með henni fengu þær svör við mörgum spurningum sem höfðu brunnið á þeim mestalla ef ekki alla ævi. Ýmislegt í hegðun þeirra, framkomu og tilfinningum í garð annarra varð skiljanlegra. Tvær mæðranna töluðu um hvernig ADHD röskunin gerði það að verkum að þegar illa gengi fyndist þeim þær vera slæmar mæður. Þær sögðu einnig að þegar þær upplifðu óöryggi gagnvart kennurum barnanna eða skólanum þá fylltust þær hræðslu og vantrausti og teldu sér trú um að þær væru ömurlegt foreldri.

Mæðurnar áttu allar erfiða skólagöngu, miserfiða þó. Þær voru sammála um að hafa verið á skjön við aðra og samskipti við kennara gengu misvel. Tvær mæðranna töluðu um að fortíðin sæti ennþá í þeim og í gegnum heimanám barnanna upplifðu þær ýmislegt úr eigin skólagöngu. Ein móðir sagði: „Núna er ég orðin foreldri og get ekki ennþá skilað heimanáminu. Og ég fer með hangandi hausinn í foreldraviðtalið, alveg eins og ég fór með hangandi hausinn í foreldraviðtal þegar ég var tíu ára. ... það sest alltaf inn á mína samvisku ef að eitthvað gengur illa og þá fæ ég flashbakkið aftur í tímann og ég vil ekki hafa þetta þannig."

Allar mæðurnar töluðu um að sem betur fer væri skólaumhverfi mjög breytt frá því sem var þegar þær voru í barnaskóla, börnum væri sýndur meiri skilningur og ólíkum þörfum betur mætt. Mæðurnar, sem höfðu allar lent í hrakningum í grunnskóla og átt erfiða skólagöngu, voru í mismiklum mæli enn að vinna úr erfiðri reynslu sinni en aðdáunarvert var hvernig þær nýttu þessa reynslu börnum sínum til góðs. Allar mæðurnar töluðu um mikilvægi þess að þekkja geðræna hluta ADHD og vita hvað ber að varast og hvaða þætti er nauðsynlegt að vinna með. Þar skipti fræðsla miklu máli. Þær töluðu um mikilvægi þess að sýna börnunum skilning, vera duglegar að taka eftir því sem þau gerðu vel og hrósa á uppbyggilegan hátt. Þeim bar saman um að hrós skilaði oft miklu til að bæta samskipti og eigin sjálfsmynd. Þær sögðu að röskunin eltist ekki af þeim sjálfum en breyttist með árunum og hluti af því að ráða við aðstæður eða reyna að hafa stjórn á aðstæðum dags daglega væri að hafa reglu á hlutunum. Allar töluðu þær um mikilvægi þess að reyna að koma í veg fyrir óskýrleika sem oft einkennir líf einstaklinga með ADHD. Ein móðirin sagði: „Ég gæti svona trúað að þetta sé gegnumgangandi með þá sem eru með ADHD, að þegar ramminn er ekki lengur skýr, eða kannski er skýr rammi en maður veit ekki hvort maður á að vera inni í honum eða ekki, að þá verður maður bara hræddur og veit ekki lengur hvað, til hvers er ætlast af manni."

Mæðurnar töluðu um mikilvægi þess að sýna börnum sínum skilning, en þær þekkja vanmetakenndina sem fylgir því að eiga erfitt með nám, ná ekki að skila heimanámi á réttum tíma og eiga erfitt uppdráttar í skólanum. Sjálfsþekking væri einn af lykilþáttunum í að aðstoða eigið barn og geta sýnt því skilning.

Mæðurnar voru allar sammála um að vanþekking skapaði oft verri aðstæður en vera þyrftu og besta ráðið við henni, hvort sem það væri eigin vanþekking eða vanþekking annarra á röskuninni, væri fræðsla. Þær eru allar ýmist í námi eða hafa nýlokið því og telja að fræðsla sé ein besta leiðin til að fyrirbyggja fordóma í garð einstaklinga með ADHD. Tvær mæðranna töluðu um hreyfiþörf og ofvirkni sem veldur þeim erfiðleikum. Þær töluðu um eirðarleysi og erfiðleika við að sitja kyrrar, til dæmis þegar þær eru að aðstoða syni sína við heimanám. Báðar töluðu um framtaksleysi sem þær upplifa oft. Þær sögðust reyndar báðar vera mjög virkar en skorta oft úthald til að koma hlutum í verk og fylgja þeim eftir. Það væri þó auðveldara að framkvæma fyrir aðra en það sem sneri að þeim sjálfum. Ein móðirin orðaði þetta þannig að hún væri alltaf á einhverjum þeytingi en snerist kannski mest í kringum sjálfa sig. Hún væri eins og stormur í vatnsglasi og oft á síðustu stundu. Hún talaði um að hún þyrfti að hafa allt mjög einfalt og auðskiljanlegt því henni hætti til að flækja einföldustu hluti. Hún sagði að ef eitthvað reyndist henni of flókið gæfist hún upp og gerði ekki neitt. Önnur móðir tók undir þetta.

Heimanám

Viðhorf viðmælenda til heimanáms var blendið en þeim fannst að þótt heimanám ætti það til að vera óskipulagt og ómarkvisst þá væru ákveðnir þættir, eins og lestur, sem yrði að þjálfa heima. Ein móðir sagði: „... ég held að það sé ekki hægt að sleppa lestri ... það sé bara óraunhæft og óæskilegt." Mæðurnar litu heimanámið misjöfnum augum, ein leit á það sem gæðastund með barninu sínu en hinar tvær töluðu um að erfitt væri að finna tíma fyrir það - í nútímasamfélagi væri margt sem keppti um tíma einstaklinga og heimanámið væri aðeins einn þáttur í því. Ein móðirin sagði: „... ég þarf að undirbúa mig svona hálfan daginn og ég þarf að undirbúa hann. Þetta tók alveg seinnipartinn með slagsmálum og erfiðleikum ... og ég reyndi að forðast það, hafði bara ekki orku í að ráðast í það." Um gæði

Ég hlakka svo til að geta einmitt af minni reynslu hjálpað honum að ná sínu takmarki.

Reynsla mín svona heilt yfir af heimanámi er að þetta er mjög streituvaldandi ... bæði einhvern veginn inni á heimilinu og svona dags daglega.

Mynd: Villi.Ingi

heimanáms sagði önnur móðir: „Stundum eru börnin að koma heim með heimanám sem lítur kannski út fyrir að vera meira heimanámsins vegna ... látum þau bara lita mynd við þetta ljóð. Það er engin sérstök þjálfun fólgin í því skilurðu. ... en atriði sem eru mikilvæg þjálfunaratriði eins og lestur, mér finnst eðlilegt að þau þjálfi sig heima, skilurðu, í að lesa.“

Báðar nefndu þær einnig að þeim og sonunum reyndist erfitt að skilja tilgang heimanáms þar sem skólinn væri vinna barna og það orkaði tvímælis að senda ung börn heim með aukavinnu. Heimanám væri því annaðhvort óþarfur streituvaldur eða markviss og nauðsynleg þjálfun. Hvort væri, færi eftir sjónarhorninu á heimanám og hvernig það væri upp byggt. Ein móðirin dró upp dökka mynd af heimanámi og sagði að það hefði alltaf verið mikil kvöð, á heimilinu ríkti hreinlega stríðsástand í kringum það. Hún þyrfti að undirbúa sig andlega undir hvert skipti. Hún sagði þó að þegar heimanámi væri skilað þá fylltist bæði hún og drengurinn stolti.

Mæðurnar töluðu um að heimanámið gengi erfiðlega ef þær væru þreyttar, pirraðar eða stressaðar og utan við sig og þær, ekki síður en drengirnir, þyrftu að vera upplagðar í heimanámið. Tími dags skipti þær því máli, rétt eins og þá. Enginn kennaranna var talsmaður mikils heimanáms og allir vildu þeir takmarka það eins og kostur væri. Þeir töluðu um mikilvægi þess að hafa heimanám hæfilega krefjandi, skemmtilegt og spennandi bæði fyrir börn og foreldra og taka ætti mið af stöðu barnsins og fjölskylduaðstæðum. Allir kennararnir töluðu um mikilvægi þess að hraðast ekki að afnema heimanám í einhvern tíma hjá einstaka barni. Aðstæður barns ættu að ráða því hvort heimanám væri framkvæmanlegt. Heimanám ætti ekki að vera streituvaldur og mætti alls ekki vera íþyngjandi. Allir kennararnir sögðu heimanám eiga að vera í stöðugri endurskoðun.

Öllum viðmælendum bar saman um að þátttaka foreldra í námi barna skipti máli þegar horft væri til lengri tíma. Einnig töluðu þeir um að stuðningur og áhugi foreldra á því sem barnið tæki sér fyrir hendur skilaði árangri, meðal annars bættum námsárangri. Einn kennarinn orðaði þetta svona: „Verðum við ekki að telja að skólinn skipti máli upp á framtíðina? Heimanámið er hluti af náminu, fer fram heima líka ... og kannski líka þetta að setja sér þennan aga, að þú hafir einhver verkefni til að vinna og verðir að finna þér tíma til að vinna þau og muna eftir að skila þeim.“

Þátttaka foreldra í námi barna var því almennt talin mikilvæg og í því ljósi væri áríðandi að tryggja að samskiptin væru sem heiðarlegust og hver einstaklingur axlaði þá ábyrgð sem honum bæri. Viðmælendur töluðu í því samhengi um mikilvægi þess að hlutverk hvers og eins væru skýr og skólinn þyrfti að hafa stefnu í heimanámi, tilgangur þess og markmið samstarfs yrði að vera ljós til að vel tækist til.

Samskipti

Mæðurnar voru almennt sáttar við kennarana og töldu að samskiptin við þá væru í flesta staði góð og styrktu þær, bæði sem mæður og einstaklinga. Á heildina litið áttu mæðurnar ánægjuleg samskipti við kennarana og markmið með samstarfinu voru oftast nær skýr. Kennararnir töluðu um nauðsyn þess að foreldrar vissu til hvers væri ætlast af þeim í samskiptum og hreinskilni og opin samskipti gögnuðust vel. Ein móðirin sagði: „Ef það er ekkert aðhald þá fer ramminn bara að svigna. Af því að þá veit maður ekki lengur til hvers er ætlast.“ Mæðurnar voru nokkuð sammála um hvert þeirra hlutverk væri í samskiptum við kennara. Þær litu á það sem sitt hlutverk að miðla upplýsingum til skólans um gengi barns og heimilisaðstæður og þær tækju við upplýsingum frá kennaranum. Allir viðmælendurnir sex voru sammála um að samskiptin einkenndust af gagnkvæmri virðingu, trausti og trúnaði og að þetta væru þeir þrír þættir sem stuðluðu að farsælu samstarfi heimilis og skóla.

Einn kennarinn sagði þetta skipta mestu máli í samskiptum: „Traust, að það sé traust á milli, að maður geti sagt það sem manni finnst og þau líka til baka. Ég held að traustið skipti mestu máli. ... [Trúnaður] skiptir náttúrulega ekki síður miklu máli, bæði það að maður sem fagmaður beri þennan trúnað og þú segir ekkert frá hlutum. Það liggur í því, traustið, að maður getur sagt allt, en reiknað með því og trúað því og treyst að það fari ekkert lengra. Að maður sé alveg óhræddur við það.“

Annar kennari hafði þetta að segja um virðingu: „Það á sér ekkert nám stað nema það sé gleði, traust, virðing og þá er gagnkvæm virðing fyrir nemanda og kennara. Við eigum náttúrulega ekki að bera minni virðingu fyrir nemendum okkar en þeir fyrir okkur. Annars gerist ekkert jákvætt.“

Einnig var talað um mikilvægi hlustunar og áberandi var hve fúsir kennararnir voru að hlusta á mæðurnar og hafa þær með í ýmsum ákvörðunum er vörðuðu börn þeirra. Velferð og menntun barnanna var í fyrirrúmi og kennararnir horfðu á barnið í víðu samhengi og tóku velferð fjölskyldunnar með í heildarmyndina. Ein móðirin sagði:

...stundum finnst mér ég bara ekki fá frið fyrir alls konar skólaskemmtunum og foreldra-viðtölum og foreldrafundum. Þú veist, það er bara einhvern veginn endalaust áreiti skilurðu, getur farið alveg yfir strikið.

„... það er enginn að stjórna neinum, það er enginn að reyna vera betri eða besservisser eða neitt. Þetta eru svona opin samskipti, ég upplifi það að hún fær að segja sína skoðun, ég hef mína skoðun og sameiginlega held ég að við séum bara að ná góðri skoðun fyrir barnið."

Allir kennararnir sögðu þetta mikilvæga þætti í að byggja upp góð samskipti. Mæðurnar minntust á mikilvægi þess að hafa samskiptin á jákvæðum og uppbyggilegum nótum, jafnvel þegar illa gengi að finna ljósa punkta, það væri afar mikilvægt.

Mæðurnar voru misvirkar í samstarfi og forsendur þeirra misjafnar. Ein móðirin benti á að stundum virðast kennarar ákafari í að fá foreldra í lið með sér en foreldrar eru tilbúnir til eða ráða við. Tveir kennarar töluðu um að það sem helst reyndist þeim erfitt í foreldrasamstarfi væri að vita hvar mörkin lægju, það er hversu mikið þeir mættu og ættu að skipta sér af málefnum fjölskyldunnar. Þeir sögðust oft standa sig að því að vera komnir út fyrir vinnuramma kennara sem þó væri oft ansi teygjanlegur, sérstaklega í samskiptum við foreldra með einhvers konar erfiðleika eða erfiðar heimilisaðstæður. Þeir töluðu einnig um að stundum gengju þeir of langt við að hjálpa mæðrunum en þeir vildu frekar aðstoða þær en horfa upp á aðgerðaleysi eða að hlutirnir færu á verri veg. Þannig áynnu þeir sér traust mæðranna og það fælist mun meira í kennarastarfinu en bein kennsla. Ákvarðanir væru teknar í sameiningu og mæðurnar upplifðu sig sem hluta af menntunarliði eigin barna. Allir þessir þættir og fleiri til gerðu það að verkum að samstarfið gekk almennt vel og viðmælendur voru oftast nær sáttir og ánægðir. Ein móðirin sagði: „Það er bara þessi brú á milli foreldra og skóla, ... að það sé tekið tillit til beggja aðila og þeir nái að vinna saman að þessu sameiginlega markmiði sem er náttúrulega bara menntun og uppeldi barnsins. ... Þessi gagnkvæma samvinna."

Kennararnir sögðust reyna að virkja foreldrana til samstarfs og nýta sterkar hliðar mæðranna. Þeir sögðu að skilaboð til þessara mæðra yrðu að vera skýrari og afmarkaðri en til annarra foreldra. Tvær mæðranna töluðu um að lítið þyrfti til að þær yrðu ringlaðar og óöruggar um stöðu sína og það skilaði sér til barnanna. Viðmælendur voru sammála um að traust, virðing og trúnaður væri lykillinn að farsælu samstarfi heimilis og skóla.

- Talnaleikni og reikningur -
Málhljóð, lestur og ritun
LÆS Í VOR

Kennsla og þjálfun
Einstaklingar eða litlir hópar

Fyrir:
- börn og fullorðna
- byrjendur og lengra komna
- lesblinda og reikniblinda
- þá sem þurfa almenna leiðréttandi hjálp eða
- mjög sértæka þjónustu, s.s. börn með einhverfu

- þá sem eru af erlendum uppruna:
Þjálfun málhljóða; hlustun, framburður og ritun

Kennslutækni:
- Bein fyrirmæli *(Direct instruction)*
- Hnitmiðuð færniþjálfun og mælingar *(Precision teaching)*
- Talnafjölskyldur *(Fact families)*
- Lausnaleit í heyrenda hljóði *(Talk aloud problem solving)*
- Smellaþjálfun *(Clicker training; tag teach)*
- Hraðflettispil, leifturspjöld *(SAFMEDS, flashcards)*
- Stöðluð hröðunarkort *(Standard Celeration Charts)*

Fínstillt er að þörfum nemandans
Námsaukinn er mældur í hverjum tíma
Heimakennsla er veitt á höfuðborgarsvæðinu

Nái nemandinn ekki settu marki er þóknun endurgreidd

En hvernig er þetta gert?

Kynningar um allt land
fyrir foreldra, kennara, skóla og aðra hagsmunaaðila:
Erindi, námssmiðjur, ráðgjöf, handleiðsla, eftirfylgd

Þjónusta í heimabyggð

Guðríður Adda Ragnarsdóttir,
atferlisfræðingur og kennari.
Atferlisgreining og kennsluráðgjöf,
sími 562 14 67, adda@ismennt.is

Geymið auglýsinguna

Varstu að skipta um netfang?

Láttu okkur vita! sigridur@ki.is

Eplið er á vefnum

Eplið, rafrænt fréttabréf KÍ, er á vefnum. Lestu Eplið á www.ki.is

Texti: keg
Mynd: Úr safni SB

Ofvirkt séní

Einu sinni var kennari sem bjó til námsvef. Kennarinn heitir Starkaður Barkarson og við spurðum hann um vefinn hans, Stoðkennarann.

Starkaður Barkarson, stofnandi og framkvæmdastjóri Stoðkennarans, og Guðmundur Ingi Jónsson, verkefnisstjóri.

Geturðu frætt lesendur um það í stuttu máli hvað og hver Stoðkennarinn er?
Ef Stoðkennarinn væri persóna af holdi og blóði þá mætti segja að hann væri ofvirkt séní. Hann er til taks 24 tíma sólarhrings, allan ársins hring. Hann kennir nemendum grunnatriði í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og tölvunotkun, leggur fyrir þá verkefni sem hann fer yfir á innan við sekúndu og skráir einkunnir í einkunnabók. Og ekki nóg með það, heldur veitir hann kennurum og foreldrum aðgang að einkunnabókum og heldur utan um virkni nemenda öllum stundum. Stoðkennarinn er sem sagt gagnvirkur námsvefur.

Felst mikil vinna í því að halda svona námsvef við?
Það fer auðvitað eftir metnaði hver og eins. En ef vefur er ekki í sífelldri þróun er hætt við að hann dagi uppi sem steingervingur á nokkrum árum. Net- og tölvutækni fleygir fram og við höfum lagt áherslu á að fylgja þeirri þróun. Á síðasta ári endurhönnuðum við kerfið frá grunni og bættum ýmsum nýjum þáttum við, til dæmis leggjum við meiri áherslu á að þjónusta foreldra. Við ætlum okkur líka að byrja að sinna miðstiginu, en hingað til hefur Stoðkennarinn einbeitt sér að unglingastiginu.

Þú talar um að sinna foreldrum betur. Hvað felst í því?
Hverjum nemandaaðgangi fylgir frír foreldraaðgangur. Foreldrar geta þá skráð sig inn á vefinn, skoðað og jafnvel rifjað upp námsefnið og fylgst með gengi og virkni barna sinna. Ég held að margir foreldrar vilji styðja við bakið á börnum sínum en skortir oft þekkingu á námsefninu til þess. Með hjálp Stoðkennarans geta þeir hins vegar fylgst með gengi barns síns og hvatt það áfram.

Hvernig móttökur hefur Stoðkennarinn fengið?
Þeir sem hafa hleypt honum inn eru stóránægðir. Hann léttir kennurum vinnu sína en hjálpar um leið við að gera kennslu markvissari. Kennarar hafa miklu meiri yfirsýn yfir framvindu nemenda. Það er mikið rætt um einstaklingsmiðað nám en eins og kennarar vita er erfitt að sinna því með stóra nemendahópa þar sem einstaklingar eru mjög ólíkir. Vel gerðir námsvefir eiga þátt í því að auðvelda skólum að sinna hlutverki sínu. En hitt er svo annað mál að það getur verið erfitt að fá skóla til að opna dyrnar. Þeim er auðvitað gert að spara við núverandi aðstæður. En ég er viss um að það má ná fram sparnaði með því að nota Stoðkennarann.

Hvernig?
Í fyrsta lagi er Stoðkennarinn ekki dýr, í raun afar ódýr. Og skóli þarf ekki að kaupa aðgang fyrir alla nemendur heldur aðeins þá sem koma til með að nota vefinn. Sérkennsla er skólum dýr en vefurinn hefur hentað afar vel þar. Eftirfylgni er til dæmis einfaldari því allir þeir sem koma að kennslu nemenda geta fylgst með framvindu og samræmt aðgerðir sínar. Einnig er hentugt að nota vefinn í forfallakennslu því hann getur gefið nákvæmar upplýsingar um hvað hver og einn var að gera á tilteknu tímabili. Og enn má nefna sparnað við útprentun verkefna. Nemendur geta jafnvel skilað inn textum yfir netið og kennari farið yfir í gagnvirku umhverfi.

Eruð þið bjartsýnir?
Já, við finnum fyrir auknum áhuga á Stoðkennaranum, bæði hjá skólum og heimilum. Tölvan mun aldrei koma í staðinn fyrir kennarann, en hún er ótvírætt nytsamlegt tæki ef hún er notuð á réttan hátt.

Björn Víkingur, stærðfræðikennari við Holtaskóla (ágúst 2010):

„Við kennarar í Holtaskóla höfum notast við Stoðkennarann í nokkur ár fyrir nemendur skólans og líkað vel. Forritið nýtist sem sjálfstætt ítarefni við annað námsefni þar sem efnisatriði þess smellpassa við efnisatriði kennslubókanna og námskrár. Nemendur hafa einnig tekið Stoðkennaranum fagnandi og margir fengið útrás fyrir keppnisanda og námsmetnað. Nemendur vinna við forritið bæði í skólanum og heima. Auðvelt er að setja þeim fyrir ákveðin efnisatriði sem þeir eiga að ljúka fyrir tiltekinn tíma og auðvelt er að halda utan um allar niðurstöður um árangur nemenda. Þannig hafa kennarar nýtt Stoðkennarann sem viðbót við flóruna í námsmati. Stoðkennarinn hefur því öðlast fastan sess í kennsluáætlunum og námsmati kennara á unglingastigi í Holtaskóla."

Ásdís Ögmundsdóttir, 10. bekk í Borgaskóla (ágúst 2010):

Ásdís Ögmundsdóttir í 10. bekk í Borgaskóla (Grafarvogi) hefur notað Stoðkennarann frá því í byrjun ágúst, aðallega í stærðfræði þar sem hún þarf að bæta sig.

„Mér finnst vefurinn mjög sniðugur og hann hjálpar mér mjög mikið. Hérna get ég fengið góðan grunn í því sem ég er að læra í skólanum. Þetta hefur hjálpað mér mjög mikið í stærðfræðinni og ég hef lært heilmargt á stuttum tíma. Þegar maður leysir dæmin þá er maður í samkeppni við sjálfan sig og vill alltaf gera betur og ná að leysa sem flest dæmi. Þegar maður fær 10 þá er maður voða ánægður og þegar ég fæ lægri einkunn í þessum prufudæmum þá held ég áfram og vil gera betur.

Í Stoðkennaranum er maður líka í næði og nær að einbeita sér betur að dæmunum en í skólanum. Svo er líka margt annað þarna sem maður getur valið úr sem mig langar að ná framförum í, eins og til dæmis danskan."

COMENIUS
FYRIR LEIK-, GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ

COMENIUS | TENGSLARÁÐSTEFNA
á Íslandi í 7.-9. október 2010

Storyline Method

Tækifæri fyrir íslenska skóla að starfa með evrópskum kennurum. Comenius tengslaráðstefna verður haldin 7-9. október nk. í Reykjavík og Bláa Lóninu.

Nánari upplýsingar á:
http://comenius.is/page/reykjavik2010

Skráningargjald 10.000

Evrópskar tengslaráðstefnur

eru haldnar víðs vegar í Evrópu og lista yfir þær má sjá á http://www.lme.is/id/110
Uppihalds- og ferðastyrkir í boði.

Nánari upplýsingar í síma 525 5853
og á comenius.is

Stjórnardeild mennta- og menningarmála
Menntaáætlun Evrópusambandsins

15 ÁRA COMENIUS

Texti: Ólafur Sigurðsson
Ólafur er sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og fyrrverandi skólameistari Borgarholtsskóla
Mynd: js

Getum við verið viss um að í krafti siðareglna fái nemandi hlýtt viðmót?

Stuðla siðareglur að betra starfi? Er yfirleitt hægt að fara eftir siðareglum?

Vafalaust hafa þeir sem unnu að setningu siðareglna kennara svarað þessum spurningum játandi enda væri til lítils að setja reglur sem eingöngu væru til skrauts og notkunar á tyllidögum. Báðar spurningarnar kalla okkur til ábyrgðar á því að athafnir fylgi orðum, að kennarar þekki til hlítar þær siðareglur sem stéttin hefur sett sér, byggi þær inn í eigin starfskenningu og máti athafnir sínar reglulega við þær í starfinu.

Sú regla sem hefur víðtækast gildi er sett fram í 2. grein: Kennurum ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju.

Hér er ábyrgð kennara mest, hér skiptir öllu að vel fari
Löggjafinn hefur á undanförnum áratugum lagt vaxandi áherslu á réttindi nemenda. Áskoranir eins og *skóli án aðgreiningar* og *framhaldsskóli fyrir alla* eru afsprengi þeirrar viðleitni og einnig sú áhersla sem er lögð á að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Því má segja að ofangreind 2. regla, ásamt þeirri þriðju, um að jafnrétti sé leiðarljós í skólastarfi, rími vel við lög og styðji við það mikilvæga markmið að menntun sé mannbætandi.

Eftir sem áður geta þó hvorki lög um hin ýmsu skólastig né siðareglur kennara tryggt að boðskapur þeirra verði að samræmdum athöfnum í þágu þess sem menntunar nýtur. Getum við verið viss um að í krafti siðareglna fái nemandi hlýtt viðmót, uppbyggjandi verkefni, hvatningu til góðra verka? Er öruggt að kennari skeyti ekki skapi sinu á nemandanum, honum sé ekki núið upp úr mistökum sínum eða hann niðurlægður frammi fyrir hópnum?

Við getum aldrei verið viss en það sem helst getur tryggt að okkur miði fram á veginn er sjálfsagi hvers kennara og ábyrgð hans á verkefni sínu. Hver og einn þarf því að búa sér til öflugt innra eftirlit en um leið þarf að sjá kennurum fyrir verkfærum og umgjörð til þess. Þar skiptir þrennt mestu máli, réttlát lög, jákvæður skólabragur og ekki síst siðareglur kennara.

Sjálfstæði kennara í starfi er óumdeilt og einn af hornsteinum starfsvitundar þeirra. Því sjálfstæði fylgir einnig veruleg ábyrgð og mikið er í húfi, því bregðist kennari skyldum sínum er hætt við að stéttin missi virðingu og sjálfstæði starfsins verði hætta búin. Á hinn bóginn má segja að sjálfsagi, fagleg vinnubrögð og starfskenning í samræmi við lög og siðareglur auki virðingu stéttarinnar. Á þann hátt uppfylla kennarar einnig best 11. regluna um að gæta heiðurs og hagsmuna kennarastéttarinnar.

Hver og einn þarf því að búa sér til öflugt innra eftirlit en um leið þarf að sjá kennurum fyrir verkfærum og umgjörð til þess. Þar skiptir þrennt mestu máli, réttlát lög, jákvæður skólabragur og ekki síst siðareglur kennara.

Texti: Björk Þorgeirsdóttir
Björk er framhaldsskólakennari
Mynd: js

Hvað er að vera góður kennari?

Það sem hér er ritað hef ég lært af samræðum við fyrrverandi og núverandi samstarfsfólk í skólamálanefnd FF og af setu minni í námskeiðinu *Sérfræðingar í nútímasamfélagi: Fórnfýsi eða sérhagsmunir?*

Flestir virðast hafa skoðun á kennarastarfinu og telja sig geta metið hver er góður kennari og hver ekki. Oft er sagt að einhver sé „fæddur kennari“ en það vísar til þess að hæfileikar kennara séu samgrónir persónu hans. Ég hafna því og trúi að kennarar og kennarastarfið mótist af þeim hugmyndum sem eru við lýði hverju sinni. Að við verðum að staldra við og spyrja okkur hvort það að vera „góður kennari“ hafi sömu merkingu nú og fyrir hundrað árum?

Kennarastarfið er tvíþætt: Annars vegar felst það í að koma nemendum til nokkurs þroska. Hins vegar að leiða í ljós einhvers konar sannleik um veröldina í kringum okkur. Þessi sannleikur getur verið flókinn og hann getur verið afstæður. Sérstaða kennslu hefur áhrif á það hvernig kennarar útfæra starf sitt og upplifa sig sem fagmenn. Ímynd um meðfædda eiginleika kennara kemur sér illa við skilgreiningu á sértækri þekkingu kennara. Einnig er erfitt að sjá hvernig við ætlum að öðlast sameiginlega fagvitund sem kennarar ef við trúum því að þekkingargrunnur kennara sé takmarkaður og leggjum eingöngu áherslu á faggreinar.

Kennarar búa við mikla ytri stjórnun, þeir þurfa í sífellu að bregðast við breytingum á stjórnarfari og því getur reynst erfitt að skipuleggja gott skólastarf og setja markmið. Ef ríkjandi er vantraust á sérþekkingu kennara verður vald þeirra lítið þegar upp er staðið sem og frelsi þeirra til að ná settum markmiðum. Kennaranámið er sá þekkingargrunnur sem kennarar byggja starf sitt á og veitir þeim sértæka þekkingu fagstéttar sem innsigluð er með lögverndun á starfsheitinu. Framþróun hefur orðið í sértæku námi kennara en þó vantar mikið upp á að kennarar fái undirbúning fyrir þann félagslega veruleika sem þeirra bíður í starfinu. Til dæmis má nefna styttri æfingarkennslu í kennaranámi nú en fyrir tíu árum.

Við, eins og margar aðrar starfstéttir, höfum mótað og skráð faglegar siðareglur sem eru vegvísir okkar kennara sem fagstéttar. Meginhlutverk þeirra er að leiðbeina okkur til að við getum sinnt sem best réttmætu og þörfu hlutverki í samfélaginu. Hvetja okkur til að vanda okkur í starfi og efla til að við getum haft áhrif á markmiðssetningu um menntun og skólastarf. Siðareglur eiga að auðvelda ákvarðanatöku í siðferðilegum álitamálum og sýna fram á siðferðilegar skyldur okkar sem fagstéttar. Að þessu sögðu tel ég mikilvægt að við ræðum siðareglurnar því það er ein leið til að fjalla um tilgang kennslu og starf kennara.

Ef ríkjandi er vantraust á sérþekkingu kennara þá verður vald þeirra lítið þegar upp er staðið sem og frelsi þeirra til að ná settum markmiðum.

Helena Óladóttir

Texti: Helena Óladóttir
Höfundur er verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur
Myndir: js

Í útikennslu riðlast hlutverka-skipan hefðbundnu skólastofunnar

Útikennsla og menntun til sjálfbærni – fyrri hluti

Útikennsla hefur rutt sér til rúms í íslenskum skólum á síðustu árum og víða er hún orðin hefðbundinn þáttur í skólastarfi. Helena Óladóttir verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur leiðir okkur í allan sannleika um þessa frábæru kennsluaðferð og tengsl hennar við aukna velferð og þroska nemenda í fyrri hluta þessarar greinar um útikennslu og menntun til sjálfbærni.

Í kennslustundum utandyra kynnast einstaklingarnir fleiri flötum á persónuleika hvers annars og með sama hætti dýpka tengsl nemenda og kennara.

Örlað hefur á ágreiningi um orðavalið útikennsla eða útinám en hvort heldur sem rætt er um útikennslu eða útinám, jafnvel útimenntun, þá er um að ræða fjölbreytt starf nemenda og kennara sem fer fram utandyra. Um það hverfist sú skilgreining sem Náttúruskóli Reykjavíkur byggist á:

Útikennsla er þegar nemendur fara reglulega í kennslustund utandyra þar sem náttúra og/eða umhverfi er notað sem kennslurými og kennslugögn.[1]

Útikennsla er frábrugðin hefðbundinni útiveru að því leyti að um er að ræða kennslustund, því felur hún ávallt í sér skilgreind námsmarkmið í samræmi við námskrár. Einnig er átt við að slík kennslustund fari fram reglulega og sé hluti af hefðbundinni vinnu nemenda og kennara. Þannig á útikennslan að tengjast með eðlilegum hætti því starfi sem fram fer innandyra í skólanum, bæði fyrir og eftir útikennslustundina. Að síðustu gengur skilgreining útikennslu út frá því að umgjörð og efniviður kennslunnar sé umhverfið og náttúran, ekki aðeins óspillt náttúra heldur allt umhverfi, einnig manngert.

Kostir útikennslu

Útikennsla hefur fjölmarga kosti sem auka velferð og nám þeirra sem taka þátt í henni. Hún fellur mjög vel að áherslum um einstaklingsmiðað nám. Utandyra er mikill sveigjanleiki í vinnubrögðum og nemandinn fær tækifæri til að nálgast viðfangsefnið á persónulegum nótum (Cooper 1997, Woodhouse, Knapp 2000).

Einn nemandi kýs að sitja uppi við trjástofn meðan hann leysir verkefni, annar velur að liggja á maganum í grasinu. Enn aðrir kjósa að sitja á sessum eða bekkjum. Í fæstum skólastofum yrði það hins vegar liðið að nemendur sætu bak við hurð, undir vaski eða inni í skáp á meðan þeir leystu verkefni sín. Með sama hætti verða hugrænar nálganir nemenda einstaklingsmiðaðri og úrlausnir þeirra fjölbreyttari og persónulegri þegar þeir fást við viðfangsefni utandyra.

Þar fá nemendur tækifæri til að fást við raunveruleg viðfangsefni í raunverulegu umhverfi, raunverulegar lífverur, aðstæður, verkefni. Persónuleg reynsla nemandans skiptir sköpum fyrir ábyrgð hans á framvindu verkefnisins. Slík verkefni hafa aukna þýðingu fyrir einstaklinginn og hann fær tækifæri til að láta ljós sitt skína (Cooper 1997).

Þegar kennsla fer fram utandyra er félagslegt umhverfi brotið upp. Með því er átt við að hlutverk sem einstaklingarnir eru í, bæði nemendur og kennarar, eru ekki eins fastmótuð og gjarnan er í hefðbundnara kennsluumhverfi. Umhverfið skipar okkur ekki fyrirfram á tiltekinn stað líkt og gerist þar sem kennsla fer fram í ferköntuðu rými þar sem allir eiga sitt ákveðna vinnurými. Í úti-kennslu fá nemendur og kennarar tækifæri til að kynnast fleiri hliðum hver annars og félagsleg tengsl verða margbreytilegri (SEER 2000, Bendix 2003).

Í útikennslu er ferli kennslunnar ekki alltaf fyrirsjáanlegt. Upp geta komið tilvik sem kennarar og nemendur þurfa að bregðast hratt við, svo sem óhöpp, óvæntar breytingar í veðri eða umhverfi sem kalla fram ólíkar tilfinningar, hræðslu, gleði, forvitni. Fólk þarf að sýna samúð, umburðarlyndi og nærgætni og það brýtur upp hefðbundin félagsleg tengsl nemenda og kennara.

Fjölmargar rannsóknir sýna fram á tengsl reglulegrar útikennslu og bættrar hreyfifærni. Einkum á það við um yngstu nemendurna sem fá fjölbreyttari líkamsþjálfun þar sem kennslan fer fram í óskipulagðara umhverfi. Jafnvægi og samhæfing hreyfinga ungra barna er betri meðal þeirra sem vön eru að athafna sig á ójöfnu undirlagi eins og þúfum í móa og steinklöppum og úthald barna eykst við reglulega útikennslu (Fjørtoft 2001).

Að auki er útivist heilsusamleg og holl öllum, bæði nemendum og kennurum. Fjölmargar rannsóknir benda til aukinnar vellíðunar, bæði líkamlegrar og andlegrar, hjá einstaklingum sem eru í reglulegum tengslum við náttúru (White 1997, Charles 2009).

Að flytja kennslu út undir bert loft leggur lóð á vogarskálarnar í baráttu gegn þyngdaraukningu barna og stöðugt minnkandi hreyfingu þeirra (Anna Sigríður Ólafsdóttir 2001, Virkni í skólastarfi 2010). Þegar kennslustund fer fram utandyra felur hún ávallt í sér fjölbreytta hreyfingu. Án þess að því sé veitt athygli eða skipulagt sérstaklega hreyfa nemendur sig miklu meira utandyra við úrlausn verkefna. Þeir

[1] Náttúruskólanum er tamara að nota orðið útikennsla þar sem starfsemi hans snýr að því að auka kennslufærni kennara og því verður það orð notað í þessari grein.

Um þessar mundir er unnið hörðum höndum að gerð nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla sem byggist á nýjum grunnskólalögum 2008. Í henni eru skilgreindir fimm grunnþættir í íslenskri menntun og er menntun til sjálfbærni einn þeirra. Í síðari hluta þessarar greinar verður fjallað sérstaklega um þetta hugtak, menntun til sjálfbærni og tengingu þess við útikennslu.

Í október heldur Náttúruskóli Reykjavíkur námskeið fyrir kennara í grunn- og leikskólum um útikennslu og menntun til sjálfbærni. Þar verður fjallað nánar um útfærslu útikennslu í ljósi menntunar til sjálfbærni og kennarar fá leiðbeiningar um hvernig þeir geta innleitt menntun til sjálfbærni í útikennsluna. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Náttúruskóla Reykjavíkur, **www.natturuskoli.is** en tekið er við skráningum á netfangið natturuskoli@reykjavik.is

eru stöðugt að beygja sig niður, teygja sig, setjast á jörðina eða leggjast, klifra, lyfta. Kennarar samþykkja meiri hreyfingu nemenda utandyra en í hefðbundnu kennslurými og umburðarlyndi gagnvart hreyfingu og hvatning til hennar er miklu meiri í útikennslu en ella.

Frjáls leikur er mikilvægasta námsleið barna. Í gegnum hann öðlast barn trú á eigin getu og fær tækifæri til að prófa raunverulegar leiðir til úrlausnar verkefna í gegnum ímynduð viðfangsefni. Útikennsla hvetur til aukins ímyndunarafls í frjálsum leik og ýtir undir sjálfstæða skapandi hugsun. Það er mikil upplifun fyrir börn að fá að kynnast umhverfi og náttúru og fá svigrúm til að móta sinn eigin leik. Útikennsla utan hefðbundinna leiksvæða auðgar frjálsan leik og skapandi starf nemenda. Hún styrkir sjálfsöryggi einstaklingsins og trú hans á eigin getu (Fjørtoft 2001, Charles 2009).

Rannsóknir benda til þess að mörgum börnum finnist afar skemmtilegt í útikennslu. Líkt og í öðru skólastarfi höfðar eitt og sama vinnulagið ekki til allra og því er óraunhæft að ætla öllum nemendum að finnast gaman. En mörg börn njóta kennslustunda utandyra og þar á meðal gjarnan þau sem hafa ekki mikla ánægju af hefðbundnara fyrirkomulagi kennslu og eiga erfitt uppdráttar í kennslustofunni (SEER 2000, Charles 2009).

Kostir útikennslu lúta einnig að kennaranum. Í útikennslu felast möguleikar til samþættingar námsgreina og aðferðin býður ósjálfrátt upp á heildræna þverfaglega nálgun. Nánast er ómögulegt fyrir kennara að vinna að einni námsgrein eingöngu í útikennslu því miklu fleiri námsgreinar eru undir í hverri kennslustund, án þess að það sé meginmarkmið. Hvert og eitt fyrirbæri í umhverfinu tengist á sama tíma mörgum námsgreinum, það er hluti af stærri heild og verður ekki slitið úr samhengi. Útikennsla er því kjörinn vettvangur til samstarfs og samvinnu kennara þvert á námsgreinar (Woodhouse 2000, Cooper 1997).

Eins og áður var vikið að eykur útikennsla félagslega færni nemenda. Í kennslustundum utandyra kynnast einstaklingarnir fleiri flötum á persónuleika hver annars og með sama hætti dýpka tengsl nemenda og kennara. Slík tengsl leiða til fækkunar agavandamála og árekstra og aukinnar samheldni nemendahópsins. Útikennsla skilar sér því með tímanum í bættri bekkjarmenningu og betra starfsumhverfi fyrir nemendur og kennara (SEER 2000, Bendix 2003).

Að leggja stund á útikennslu skilar sér til umhverfisins. Útikennsla ýtir undir umhverfisvænni lífshætti þar sem undirliggjandi er það markmið að efla umhverfisvitund einstaklingsins. Með reglulegum heimsóknum í umhverfið myndast tengsl. Nemandinn kynnist smám saman umhverfi sínu, eiginleikum þess og sérkennum og með tímanum verða breytingar frá einni árstíð til annarrar merkingarbærar. Umhverfið öðlast gildi fyrir einstaklinginn og skiptir hann máli. Þegar það gerist ýtir það undir að hann láti sig umhverfið varða, hann fer að láta sér annt um það. Virðing hans fyrir umhverfinu vex með aukinni umhverfisvitund.

Umhverfisvitund er lykillinn að því að geta tekið meðvitaðar ákvarðanir um umhverfismál og er grunnur að umhverfisvænum lífsháttum einstaklinga í samfélagi manna (Dillon et al. 2006, Palmberg 2000, Kenney et al. 2003, Fisman 2005).

Heimildir

Anna Sigríður Ólafsdóttir (2001): **Heilsuátaks ekki síður þörf fyrir börnin**. Grein birt á vef Lýðheilsustöðvar. Sótt 20. ágúst 2010 á www.lydheilsustod.is/greinar/greinasafn/manneldi/nr/229

Bendix, M. og Gretoft H. (2003): **Slip dem ud! – en vejledning om udeskole og Natur-klasser.** Sótt 20. ágúst 2010 á www.groen-skole.dk/ecobase/naturklas/Udeskole.pdf

Fjørtoft, Ingunn (2001): The Natural Environment as a Playground for Children: The Impact of Outdoor Play Activities in Pre-Primary School Children. **Early Childhood Education Journal 29(2)**, 111-117. Sótt 20. ágúst 2010 á www.springerlink.com/content/l130641583210721/fulltext.pdf

Charles, Cheryl (2009): The Ecology of Hope: Natural Guides to Building a Children and Nature Movement. Birt í **Journal of Science and Technology (18)**, 467-475. Sótt 20. ágúst 2010 á www.springerlink.com/content/n021631q656653w1/

Cooper, Geoff (1997): How Outdoor Education Contributes to Sustainability. Einnig birt í **Journal of Adventure Education and Outdoor Leadership, 14(1),**23-27. Sótt 20. ágúst 2010 á www.outdoor-learning.org/info_centre/environment.htm

Dillon, Justin et al. (2006): The value of outdoor learning: evidence from research in the UK and elsewhere. **School Science Review,** 87(320):107-111. Sótt 20. ágúst 2010 á www.outlab.ie/forums/documents/the_value_of_school_science_review_march_2006_87320_141.pdf

Fisman, Lianne (2005): The Effects of Local Learning on Environmental Awareness in Children: An Empirical Investigation. **The Journal of Environmental Education 36(3)**: 39-50

Kenney, Jane L., Militana, Heidi Price & Donohue, Mary Horrocks (2003): Helping Teachers to Use Their School‘s Backyard as an Outdoor Classroom: A Report of the Watershed Learning Center Program. **The Journal of Environmental Education 35(1)**: 18-26

Palmberg, Irmeli E. & Kuru, Jari (2000): Outdoor Activities as a Basis for Environmental Responsibility. **The Journal of Environmental Education 31(4)**: 32-36.

State Education & Environment Roundtable (SEER)(2000): **The Effects of Environment-based Educaton on Student Achievement.** Sótt 20. ágúst 2010 á www.seer.org/pages/csap.pdf

Virkni í skólastarfi - Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla (2010). Reykjavík, Lýðheilsustöð.

White, Randy & Stoecklin, Vicki L. (1997): Children´s Outdoor Play & Learning Environments: Returning to Nature. Birt í **Early Childhood News,** mars 1998. Sótt 20. ágúst 2010 á www.whitehutchinson.com/children/articles/outdoor.shtml

Woodhouse, Janice L., Clifford E. Knapp (2000): **Place-Based Curriculum and Instruction: Outdoor and Environment**. Sótt 20. ágúst 2010 á www.ericdigests.org/2001-3/

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vekur athygli á Evrópska tungumáladeginum 26. september 2010 og hvetur skóla til þess að vekja áhuga nemenda á tungumálum og gildi símenntunar í tungumálum.

Orðagull

Nýtt málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn

Markmið með verkefnunum er að þjálfa nemendur í að:

- Hlusta á heyrnræn fyrirmæli og vinna úr þeim.
- Skilja og muna það sem sagt er.
- Auka orðaforða.
- Halda fyrirmælum í vinnsluminni á meðan á framkvæmd stendur.
- Kalla úr minni og endursegja.

Verkefnum er skipt í tvo þyngdarflokka og fylgja nákvæmar leiðbeiningar um fyrirmæli og fyrirlögn verkefna. Bókinni fylgir geisladiskur með öllum vinnublöðum bókarinnar, ásamt gátlista til að fylgjast með framförum nemenda. Spjöld með sjónrænum vísbendingum fylgja með bókinni til þess að hjálpa nemendum að skipuleggja sig, fá yfirsýn yfir verkið og virkja vitræna starfsemi. Verkefnin henta elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Einnig hentar hún eldri nemendum sem glíma við erfiðleika í vinnsluminni og tvítyngdum nemendum á öllum aldri.

Sölustaðir:

- A4 - Skrifstofa og skóli, Smáratorgi 1.
- Talþjálfun Reykjavíkur.
- Til sölu hjá höfundum á sérstöku tilboðsverði fram til 1. nóvember (hildu@simnet.is og bjartey@setbergsskoli.is)

Höfundar: Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og sérkennari og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur Teiknari: Búi Kristjánsson

Íslensku þátttakendurnir ásamt nokkrum færeyskum félögum.
Á myndina vantar Fjólu Þorvaldsdóttur.

Fagmennska til umræðu á sumarnámskeiði NLS

Hið árlega sumarnámskeið NLS (Nordiska Lärarorganisationernas Samråd) var haldið í Nådendal í Finnlandi dagana 29. júní – 3. júlí sl. Yfirskriftin var *Menntapólitískar áskoranir, fagmennskan í forgrunni.* Lára Guðrún Agnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín voru á staðnum.

Alls héldu átta fulltrúar frá KÍ utan til þátttöku: Ingibjörg Kristleifsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Marta Dögg Sigurðardóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Jóhannes Þór Skúlason, Þórður Árni Hjaltested og undirritaðar. Auk okkar var stór hópur þátttakenda frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Færeyingar og Grænlendingar áttu einnig fulltrúa á námskeiðinu.

Anders Rusk framkvæmdastjóri samtakanna bauð námskeiðsgesti velkomna í upphafsræðu sinni en þar gat hann meðal annars um mikilvægi norræns samstarfs og samvinnu fyrir kennara og aðra þá sem að skólamálum koma á Norðurlöndunum. Fyrirlestrar fóru fram á sænsku utan einn og voru flestir þeirra áhugaverðir. Fyrstur var sálfræðingurinn **Tony Dunderfeldt** sem hélt mjög áhugaverðan og gagnlegan fyrirlestur um sjálfsstyrkingu og hvernig hægt er að afstressa sig og endurnýja orku með aðeins hálfrar mínútu æfingum. Hann sagði kennara þurfa að vera sjálfmiðaða en ekki sjálflæga og að persónueinkenni þeirra ættu alltaf að fá að setja svip sinn á kennsluhætti. Tony sagði kennara ekki geta notað kennsluaðferðir sem þeir hefðu ekki trú á sjálfir.

Þá talaði **Jonathan Neale**, lektor í Creative Studies við School of Humanities and Cultural industries við Bath Spa University á Stóra Bretlandi. Hans fyrirlestur var um hnattræna hlýnun jarðar og hversu mikilvægt væri að kenna nemendum um afleiðingar hennar í stað þess að hræða þá. Heyra mátti skiptar skoðanir um ágæti þessa fyrirlesturs, sumum þótti hann fullur af svartsýni og boða nánast endalok alls lífs á jörðinni en aðra vakti hann til umhugsunar og kveikti meðvitund um mikilvægi þess að huga að þessum þætti.

Á þriðja degi hlýddum við á **Miu Nykopp**, taugasálfræðing á barnalæknastöð i Haglund/Esbo í Finnlandi. Fyrirlestur hennar fjallaði um börn með sérþarfir og þá sérstaklega börn í leik- og grunnskólum með ADHD og einhverfu. Mia velti meðal annars upp spurningunni *hvers vegna eru börn erfiðari nú en áður*? Hún ræddi um hraðann í þjóðfélaginu og sagði mikilvægt að börn vissu mörk sín og að skilaboð og reglur þyrftu að vera skýr. Engum viðstaddra datt í hug að mótmæla þeim orðum hennar, þau komu engum á óvart.

Síðari fyrirlestur þessa dags innihélt kynningu á hvernig finnskt skólakerfi er uppbyggt. Það var hin reffilega **Benita Kavander**, lektor og kennari við Vasa övningsskola/Åbo Akademi í Vasa sem talaði. Eflaust biðu fleiri en við spenntir eftir að heyra fyrirlesturinn þar sem Finnar hafa staðið sig mjög vel í Pisa könnunum. Benita hefur langa reynslu af því að kenna kennaranemum ásamt því að vera varaformaður finnsk-sænska kennarasambandsins FLS. Kennaranám í Finnlandi er fimm ár og þar af æfingakennsla í æfingaskólum fjórar vikur í senn í allt að sextán vikur. Í skólunum eru bekkjakennarar í fyrstu sex árgöngunum og eftir það taka fagkennarar við. Mikil áhersla er lögð á aga sem sumum kann að þykja frekar gamaldags hugsunarháttur. Í Finnlandi er fræðsluskylda en ekki skólaskylda. Kennsluskylda kennara er mismunandi eftir fögum og eru móðurmálskennarar með 16 til 18 tíma kennsluskyldu en kennsluskyldan er mest 24 kennslutímar (45 mín). Finnskir skólar eru skólar án aðgreiningar og vill Benita meina að ef til

vill sé hægt að rekja velgengni Finna í Pisa til strangra skóla (plikten at lära). Hún segir að Finnar sæki sér fyrirmyndir til Noregs og ný námsskipan verði sett 2014.

Á fjórða degi var fyrri fyrirlesarinn **Petri Salo,** prófessor í fullorðinsfræðslu við Pedagogiska faktulteten við Åbo Akademi í Vasa. Hann fjallaði um ímynd skólans þar sem hann gekk meðal annars út frá spurningunni *hvað gera kennarar í sínu langa sumarfríi*?

Á lokadeginum var stutt dagskrá en fyrirlesari þann morgun var hinn skemmtilegi **Johan Storgård**, leikari og leikhússtjóri í Svenska Teatern i Helsingfors. Fyrirlestur hans fjallaði um forustu i skapandi samfélagi. Hann ræddi meðal annars um líkamstjáningu og hversu oft hún segir meira en töluð orð, eða að það skiptir máli hvernig hlutirnir eru sagðir.

Fyrirlesturinn var afar líflegur og vakti kátínu námskeiðsgesta.

Ferðin í heild var mikil upplifun og aðbúnaður allur til fyrirmyndar. Námskeið NLS eru haldin annað hvort ár og næst er komið að okkur. Það er virkilegt tilhlökkunarefni að vita hver yfirskrift þess námskeiðs verður. Eitt er víst að við eigum metnaðarfullt fagfólk í skólamálum og án efa verður námskeiðið hérlendis bæði fróðlegt og gott innlegg í að treysta norræna samvinnu með fagmennsku í fyrirrúmi. Það var okkur sönn ánægja að taka þátt í afar vel skipulögðu, skemmtilegu og fræðandi sumarnámskeiði.

Fyrir hönd hópsins,
Lára Guðrún Agnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín, skólamálanefnd FG.

Ígrundun víkur fyrir mælanlegri færni

Texti: keg

Sífelldur og stöðugur niðurskurður framundan og kennarar gerðir ósýnilegir

Sumarnámskeiði NLS 2010 var ætlað að vekja athygli kennara og stjórnenda sem eru í forsvari í sínum heimalöndum á nýjum stefnum (trends) í menntamálum sem smám saman hafa orðið mjög fyrirferðarmiklar í menntapólitík og stjórnun menntamála. Þarna er um að ræða hugmyndafræði í anda nýfrjálshyggju og eina afleiðingu hennar eða sk. New public management (NPM), sem er opinber stjórnsýsla sem þiggur aðferðafræði sína og hugmyndir frá einkageiranum.

Í boðsbréfi til þátttakenda segir meðal annars að í umhverfi einkavæðingarferlis, þar sem samkeppniskraftur er talinn mikilvægari menntun, verða stjórnmálamenn og yfirvöld áhugasamari um endanlega niðurstöðu (svo sem einkunnir) en lærdómsferlið sjálft. Áhersla á ígrundun víkur fyrir áherslu á mælanlega færni. Markmið menntunar verður þá að efla samkeppnishæfni samfélagsins í stað þess að styrkja einstaklinginn í að öðlast þá menntun sem hann óskar sér.

Þetta sjónarhorn og stjórnsýsla á grundvelli NPM ryður sér æ meira til rúms þrátt fyrir kreppuna og hrun nýfrjálshyggjunnar sem hugmyndafræði og gerir kennara og stjórnendur smám saman ósýnilega og rænir þá sjálfræði sínu.

Þungaviktarmenn í umhverfismálum

Skipuleggjendur námskeiðsins segja í bréfinu að sú menntapólitíska stefna sem vex fiskur um hrygg í þessu umhverfi sé sífelldur og stöðugur niðurskurður. Vonir aðstandenda námskeiðsins standa til að þátttakendur fái með þátttöku sinni aukinn styrk til að berjast fyrir faglegu sjálfræði kennarastéttarinnar, eflingu fagmennsku og bættum kjörum. Kennarar verða að láta til sín heyra og vera virkir í mótun menntastefnu og hafa áhrif á viðhorf til menntunar.

Önnur áhersla á sumarnámskeiðinu var umhverfismál og ekki síst umhverfisvá vegna hitnunar jarðar og mengunar af mannavöldum. bent var á að kennarar eru þungaviktarmenn í þessu samhengi. Þeir miðla endingargóðri þekkingu og gegna veigamiklu hlutverki í að móta viðhorf ungs fólks til þess hverjar eru lífsnauðsynjar samfélagsins og forsendur fyrir þeim.

Markmið menntunar verður þá að efla samkeppnishæfni samfélagsins í stað þess að styrkja einstaklinginn í að öðlast þá menntun sem hann óskar sér.

„Samnefnari landa sem fara NPM leiðina er efnahags- og fjármálakreppa sem hefur leitt til aukinnar kröfu um skilvirkni og leitina að leiðum til að skera niður í opinberri þjónustu.“ Þýtt af Wikipediu.

Tony Dunderfelt setti fram punkta um grundvöll sjálfsþekkingar, skilgreiningu á hugtakinu og fleira sem henni tengdist í ítarefni sínu með fyrirlestrinum. Hér eru nokkrir þeirra:

Grundvöllur sjálfsþekkingar

- Að öðlast styrk til að gera það sem þarf að gera *á þessu augnabliki*.
- Að geta breytt þeirri hegðun sinni og hugsanagangi sem kemur í veg fyrir að maður nái þeim árangri sem maður vill.
- Að geta einblínt á ÞAÐ BESTA, þ.e. langtímamarkmið um það sem maður vill ná fram í starfi og einkalífi.
- Sjálfsþekking er skv. skilgreiningu nokkuð sem einungis ég get hrundið af stað og framkvæmt fyrir mína eigin vellíðan og velferð. Enginn annar getur gert þetta fyrir mig – og enginn annar mun heldur gera það því aðrir eiga fullt í fangi með sitt eigið líf.
- Vertu manneskjan sem hundurinn þinn trúir nú þegar að þú sért. Það er sjálfsmiðun en ekki eigingirni.

Álfamyndirnar hjá 4.-bekk

Texti: Guðrún Birna, Margrét og Þórunn
Myndir: Úr safni höfunda

Litli prinsinn

Comeniusarferð til Rúmeníu í mars 2010

Það er ómetanlegt að fá að kynnast þjóð með því að heimsækja skólana í landinu og kynnast lífi fólksins. Comeniusarverkefnið okkar um Litla prinsinn hefur gert okkur kleift að kynnast skólafólki í nokkrum Evrópulöndum og í þessari grein segjum við, þrír kennarar í Álftamýrarskóla, frá heimsókn okkar til Rúmeníu.

Þann 4. mars síðastliðinn héldum við þrjár, Þórunn, Margrét og Guðrún Birna, á fund til Targoviste í Rúmeníu, heimabæjar hins heimsfræga Drakúla greifa. Í þessum 80.000 manna bæ er skólinn *Scola Tudor Vladimirescu*, einn af þátttökuskólum í Comeniusarverkefninu um bókina *Litla prinsinn* eftir Antoine de Saint-Exupéry. Til fundarins komu einnig kennari og skólastjóri frá Belgíu, þrír kennarar og tveir nemendur frá Eistlandi og síðast en ekki síst skólastjóri og þrír kennarar frá Sikiley ásamt fjórum nemendum. Við lentum í Búkarest seint um kvöld og þar tók á móti okkur íþróttakennari skólans sem heitir því skáldlega nafni, Alexander Ivan. Hann ók með okkur að Hótel Dracula en allir hinir fundagestirnir voru löngu sofnaðir því klukkan var farin að ganga tvö. Við skelltum því hvítlauknum í gluggann til að halda Drakúla frá rúmunum okkar og steinsofnuðum eftir tuttugu klukkustunda ferðalag.

Scola Tudor Vladimirescu skartar prúðum nemendum

Þann 5. mars er vorkomu fagnað í Rúmeníu og allir næla hvít blóm í barminn. Okkur var ekið í skólann þar sem börnin biðu okkar í þjóðbúningum og gáfu okkur blóm í barminn og brauð, en það er til siðs þegar gestum er fagnað í Rúmeníu. Börnin léku leikrit og túlkuðu hvítu vorboðana, snjóblóm sem brjótast upp úr snjónum í mars. Við fengum líka fína snjóblómahatta í tilefni dagsins.

Þennan dag voru börnin einnig að undirbúa mæðradaginn 8. mars, en það er mikill hátíðisdagur í Rúmeníu. Við skoðuðum skólann og fylgdumst með í tveimur kennslustundum. Það var aðdáunarvert hversu falleg framkoma barnanna var við okkur og hvert annað. Þau stóðu öll upp þegar við komum inn og buðu góðan dag, þau hlustuðu á útskýringar kennarans og unnu svo verkefni og töluðu saman í lágum hljóðum á meðan við fylgdumst með. Í fyrri tímanum voru nemendur í 5. bekk að búa til hjörtu úr trölladeigi sem þau máluðu með gömlu naglalakki og tippexi. Nemendum okkar hefði sjálfsagt þótt þetta skrítinn efniviður í föndurtíma. Þau unnu verkið af alúð og gáfu okkur hjörtu til að næla í fötin að lokum. Seinni kennslustundin var hjá 8. bekk og þar voru nemendur að búa til stöðluð kort með myndum af sér og fallegum texta handa mæðrum sínum. Okkur fannst frábært að sjá hvað börnin unnu fallega og hljóðlega og hvað þeim tókst að gera mikið úr litlu og einföldu efni. Stofurnar voru hlýlegar og skreyttar með verkum barnanna þó að hús-búnaður væri úr sér genginn og borð og stólar oft allt of lítil. Börnin voru glöð og ánægð og mættu í skólabúningum í tilefni heimsóknar okkar, annars eru þeir helst notaðir á tyllidögum.

Síðdegis áttum við svo fund með nemendum á „skæpinu“ (Scype) og þau sýndu okkur kyrkislöngur sem var eitt af okkar verkefnum og við skiluðum inn á þessum fundi. Myndir barnanna í Álftamýrarskóla vöktu athygli fyrir hvað þær voru vel unnar og litríkar. Í Rúmeníu, Sikiley og Eistlandi er myndmennt ekki sérstakt fag og það var merkjanlegt á myndverkum, þó að hugmyndir væru góðar þá voru þær ekki nógu vel unnar.

Sumarhöll kóngsins í snjóþyngslum

Á laugardegi kyngdi niður snjó þegar við fórum að skoða sumarhöll kóngsins í Karpatafjöllum, en kóngur er nú í útlegð í Austurríki. Náttúran var snæhvít og fögur og trén þung af snjó og í einni hlíðinni stóð ævintýrahöll - beint út úr Grimmsævintýrum, þar sem Þyrnirós svaf í heila öld og Öskubuska dansaði. Það merkilega við höllina er hitakerfið en þegar höllin var byggð fyrir 150 árum var því komið fyrir í henni og einnig lyftu sem flutti mat milli hæða. Höllin þótti því mikið tækniundur.

Um kvöldið borðuðum við öll saman á veitingastað í fjöllunum og í söngstund eftir matinn vorum við beðnar að syngja lag frá Íslandi. Við vildum ekki valda gestgjöfunum vonbrigðum og sungum *Ríðum ríðum, rekum yfir sandinn* með miklum þunga og dramatík svo að allir urðu hræddir, ekki síst Róberta frá Sikiley sem fannst þetta táknrænn söngur fyrir eyjuna köldu í norðri. Hún hafði sjálf nýlokið við að syngja léttu kátu söngvana sína, *O sole mio* og tarantellu, og allir dilluðu sér með, þarna mætti norðrið suðrinu! Róberta heldur að hér sé alltaf myrkur og kuldi og fólk í stöðugri lífshættu enda fréttir borist af efnahagslegum og jarðfræðilegum hamförum. Við vorum á fundi á Sikiley í janúar 2008 í miðri búsáhaldabyltingu og komumst ekki á fund til Eistlands í vor vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Harðstjórinn Ceausescu og kennari með áttatíu þúsund á mánuði

Á sunnudegi fórum við til Búkarest sem er stundum líkt við París með árbakka sína og falleg breiðstræti. Ceausescu tókst að eyði-

Alexander Ivan tók á móti okkur á flugvellinum

Þjóðdansar í skólanum

leggja hana töluvert því hann lét brjóta niður gömul, falleg hús í borginni til þess að breikka götur og byggði fjölbýli í Sovétstíl. Í þessum ljótu blokkum var bannað að vera með hunda svo að fólk setti þá út á götu - nú ráfa villihundar um alla Rúmeníu og í Búkarest eru fimmtán þúsund manns bitin árlega. Ceausescu hefur fleira á samviskunni, til dæmis lokaði hann öllum kirkjum í landinu og eyðilagði margar þeirra, sumar voru mörg hundruð ára gamlar með fallegum freskum og íkónum eins og kirkjan við höllina hans Drakúla sem nú er verið að gera upp. Rúmenar eru mjög trúaðir og það var þeim erfitt að fá ekki að stunda trú sína en nú eru allar kirkjur fullar og vel mætt í morgunmessur. Það er ekki nema fyrir trúheita, messan stendur yfir í fjóra tíma og fólk stendur og kastar sér á kné á hart gólfið (að kyssa íkóna) á víxl.

Við skoðuðum líka ljótu höllina sem Ceausescu byggði, næst stærsta hús heimsins á eftir Pentagon. „Höll fólksins“ er hún kölluð, skreytt útskornum, rúmenskum marmara og eðalviði í hólf og gólf og stærstu kristalsljósakrónur veraldar hanga í loftinu. Rúmenar eru enn reiðir yfir bruðlinu og enn reiðari því að Ceausescu og félagar rændu öllum peningum í landinu og skildu fólkið eftir í sárri fátækt og atvinnuleysi sem er hvergi meira í Evrópu.

Hin fagra Elena leiðsagði okkur en hún er frönskukennari og aðstoðarskólastjóri í Tudor Vladimarescu. Elena hafði nýlokið frönskuprófi í háskólanum þegar Ceausescu komst til valda og lokaði landinu. Hana hafði dreymt um að ferðast til Frakklands en hún fékk ekki að tala frönsku nema við nemendur sína. Elenu finnst kommúnistastjórnin hafa rænt hana tækifærum í lífinu en nú þegar landið hefur opnast að nýju vonast hún til að unga kynslóðin fái að njóta tækifæranna sem hún fékk ekki. Laun kennara eru ekki há, Elena er með 80.000 krónur í mánaðarlaun en almennur kennari með 50.000 krónur. Bílar og bensínlítrar kosta samt það sama og á Íslandi. Það er erfitt að skilja hvernig fólk fer að því að lifa af á þessum launum.

Álfavikivaki

Nú var komið að okkur að kenna Rúmenum um Ísland. Fyrir hádegi kenndum við 8. bekk í 60 mínútna kennslustund og eftir hádegi 4. bekk í 60 mínútur. Við byrjuðum á því að kynna landið okkar og bera saman við Rúmeníu. Þau voru hissa að heyra hversu fáir búa á íslandi en þá sögðum við þeim frá ósýnilega fólkinu sem við höfum ekki tölu yfir. Við sýndum þeim bækur um álfa og huldufólk, Guðrún sagði frá landinu og tilurð álfa og síðan lét Margrét þau teikna myndir. Þá sýndi Þórunn myndir frá Íslandi og börnunum okkar á tjaldi og spilaði íslenska tónlist. Við gáfum fjórðu bekkingum harðfisk og sögðum þeim að ef þau borðuðu þennan skrítna fisk þá gætu þau orðið ósýnileg einsog álfarnir ef þau einbeittu sér mjög mikið. Þau langaði svo mikið til þess að heilt kíló hvarf ofan í þau með eldingarhraða. Við kenndum þeim líka að dansa *Álfavikivaka* þar sem strákar eru í miðjunni en stúlkur færa sig ógnandi nær og reyna að hremma þá og taka inn í klettinn sinn. Þeim fannst þetta ægilega spennandi dans og hlógu mikið.

Eftir að kennslu lauk hófst hátíðadagskrá í anddyri skólans með kórsöng og einsöng tveggja stúlkna, níu og ellefu ára. Sú yngri söng af þvílíkri tilfinningu að við tárfelldum öll þótt enginn skildi um hvað söngurinn fjallaði. Síðan dönsuðu börnin í þjóðbúningum, brosandi, hnarreist og glæsileg og enginn tók feilspor. Að lokum léku þau fyrir okkur leikrit um *Litla prinsinn* og þuldu einræður eins og ekkert væri, aldrei hik og leikararnir voru allan tímann uppteknir af

Ævintýrahöllin

leiknum og létu ekkert trufla sig. Það vakti aðdáun okkar hversu vel var vandað til allra þátta og greinilegt að börnin fengu góða tilsögn í dansi og leiklist, að maður tali nú ekki um í söng!

Kveðjudans og kennaradómur

Gestgjafar okkar buðu til hátíðarkvöldverðar á hótelinu og voru allir kennarar skólans mættir ásamt mökum sínum. Eftir matinn hófst þindarlaus hringdans við lifandi tónlist og söng, dansað var í marga klukkutíma, hring eftir hring. Við Þórunn urðum að lokum að rífa Margréti úr dansinum og kveðja þessa góðu vini okkar sem við höfðum kynnst svo vel á nokkrum dögum. Þetta kvöld var mæðradeginum fagnað og allur bærinn mættur í dans sem fór í alla staði vel fram.

Heimsóknin til Rúmeníu hafði mikil áhrif á okkur. Við kunnum betur að meta tölvur og skjávarpa sem auðvelda okkur lífið í skólastofunni en um leið varð okkur ljóst að gæði skólastarfs verða ekki meiri þó að byggingar séu glæsilegar og skólar tölvuvæddir. Þrátt fyrir fátækt er hvergi gefið eftir í menntun rúmenskra barna sem sýna færni og hæfileika á öllum sviðum og einstaka kurteisi og háttprýði. Þau voru svo sannarlega landi sínu til sóma og fyrst æska landsins lofar svona góðu þá efumst við ekki um að framtíð Rúmeníu verði björt og fögur.

Víða pottur brotinn í þjónustu við nemendur

Texti: Kristinn Hilmarsson
Kristinn er formaður Félags talkennara og talmeinafræðinga

Mynd: Frá höfundi

Félag talkennara og talmeinafræðinga (FTT) er eitt fagfélaganna í Kennarasambandinu. Að sögn Kristins Hilmarssonar formanns þess eru „félagar í FTT alltaf eitthvað að sýsla og margt af því í frásögur færandi." Kristinn segir frá markverðum áföngum og fleiru í starfsemi félagsins sem fagnar því um þessar mundir að loks er hægt að læra talmeinafræði hérlendis.

Áralangri baráttu félagsins fyrir að fá nám í talmeinafræði heim til Íslands er nýlega lokið en fyrsti kennsludagur í þverfaglegu meistaranámi í talmeinafræði við Háskóla Íslands var 30. ágúst 2010. Fimmtán nemendur hafa hafið sitt tveggja ára nám og verða nýnemar teknir inn annað hvert ár. Þessi atburður er einn af stærstu áföngum í sögu talkennslu og talmeinafræða á Íslandi og vonandi upphaf að gróskumiklum rannsóknum og framförum í allri kennslu og þjálfun barna og fullorðinna sem glíma við mál- og talörðugleika. Félag talkennara og talmeinafræðinga tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og það hefur sýnt okkur að nám í talmeinafræði verður að kenna í því landi sem talkennarar og talmeinafræðingar starfa. Menning, siðir, venjur, landshættir of síðast en ekki síst tungumálið hefur áhrif á hvernig talkennarar og talmeinafræðingar nálgast viðfangsefni sín hvort sem um er að ræða kennslu, þjálfun eða rannsóknir.

Nýliðun hefur verið hæg og meðalaldur félagsmanna hækkað jafnt og þétt. Það stefndi í óefni ef ekki hefði tekist að koma náminu heim. En nú lítur þetta betur út fyrir fræðigreinina og ekki síst fyrir málhamlaða á Íslandi sem munu hagnast mest á að fá námið heim.

Markmiðið er sameining allra talkennara og talmeinafræðinga í eitt félag

Verkefni og baráttumál félagsins hafa verið mörg. Félagið hefur samþykkt siðareglur sem félagsmenn fylgja, barist fyrir að þjónusta við börn, unglinga og fullorðna sem glíma við mál- og talörðugleika verði veitt sem víðast, barist fyrir réttindum sínum og löggildingu, gefið út tímarit, komið að samningum og gefið álit og umsagnir. Samkvæmt lögum FTT er markmið félagsins að sameina alla talkennara og talmeinafræðinga í eitt félag, gæta hagsmuna þeirra, taka þátt í starfi erlendra systurfélaga, standa fyrir fræðslu og kynningarstarfsemi og hvetja til og taka þátt í rannsóknum.

Málþroskafrávik er þema í nýju tölublaði

Talmeinafræði er ung fræðigrein. Fyrstu talkennararnir tóku til starfa 1953 og 1954 og svo fór þeim fjölgandi og störfuðu í fyrstu aðallega í sérskólum. Formlegur stofndagur FTT er 11. september 1981 og verður félagið því þrjátíu ára á næsta ári.

Frá 1984 höfum við gefið út félagsblað sem við köllum *Talfræðinginn*. Með honum miðlum við af þekkingu okkar hvert til annars og allra þeirra sem hafa áhuga og starfa með málhömluðum.

Nýjasta tölublaðið er nýlega komið út og eins og síðustu ár er um þemahefti að ræða. Blaðið fjallar að þessu sinni um málþroskafrávik leik- og grunnskólabarna. Málþroskafrávik eru nokkuð algeng en bandarískar menntamálaráðuneytið telur að um 10% grunnskólabarna og 15% leikskólabarna glími við einhvers konar frávik í máli og tali.

Málþroskafrávik á leikskólaaldri koma gjarnan fram sem námserfiðleikar síðar meir. Lestrarerfiðleikar eru nátengdir frávikum í máli og tali. Lestur byggist annars vegar á umskráningu og hins vegar á lesskilningi. Báðir þessir þættir eru tengdir því hvernig einstaklingur vinnur úr hljóðum og almennri málþekkingu hans. Í blaðinu eru nokkrar greinar sem fjalla um samband málþroska og lestrar. Þar er fjallað um lesskilningserfiðleika, horfur barna sem greinast með sértæka málþroskaröskun á leikskólaaldri, greiningartækið LOGOS og orðminniserfiðleika. Ennfremur eru hagnýtar greinar þar sem sagt er frá nýútkomnu námsefni um íslensku málhljóðin og lestrarnám (*Lubbi finnur málbein*, *Lærum og leikum með hljóðin* og *Fimm vinir í leik og lestri*). Foreldrar segja frá reynslu sinni af því að eiga barn með tal- og málþroskaröskun en víða er pottur brotinn í þjónustu þessara barna, sérstaklega í grunnskólum.

talmein.is

Heimasíða félagsins, **talmein.is**, var uppfærð á árinu og nýja síðan er einfaldari í notkun. Á heimasíðunni má fræðast um starf félagsins, hvar félagar starfa, panta nýjasta og eldri árganga af Talfræðingnum (talfræðingurinn@talmein.is), finna gagnlega tengla og hafa samband með því að senda okkur línu á netfangið talmein@talmein.is. Þar eru námskeið auglýst og þar verður sagt frá viðburðum sem tengjast þrjátíu ára afmæli félagsins.

Málþroskafrávik á leikskólaaldri koma gjarnan fram sem námserfiðleikar síðar meir.

skólavefurinn.is

Námsefnið

VANDA MÁLIÐ

Nýtt heildstætt námsefni í íslensku

Allt íslenskunám á miðstigi í einum pakka.

Við þökkum frábærar viðtökur á Vanda málið bókunum.

1. upplagið er uppselt í öllum árgöngum og hefur 2. upplagið þegar verið prentað.

Hið margrómaða

Jólahlaðborð Hótel Eldhesta

Pantanir á hið margrómaða jólahlaðborð Hótel Eldhesta á aðventunni eru hafnar - það fyrsta verður 26. nóvember.

Jólahlaðborð og gisting aðeins 9.400 kr. á mann!

Innifalið: Jólahlaðborð, gisting í 2ja manna herbergi í eina nótt, ásamt morgunverðarhlaðborði. Einnig er hægt að sleppa gistingunni, en þá er verðið 5.900 kr. á mann.

Pantanir mótteknar hjá Friðu í síma 4804800 eða með tölvupósti - info@eldhestar.is

Hótel Eldhestar er kjörinn staður til ráðstefnuhalds

- Friðsæll fundarstaður
- Hálftíma akstur frá Reykjavík
- 26 rúmgóð herbergi
- Afþreying í næsta nágrenni

Nánari upplýsingar um Hótel Eldhesta má sjá á vefslóðinni www.hoteleldhestar.is

HÓTEL Eldhestar

Vellir • 810 Hveragerði • Sími 480 4800 • Fax: 480 4801
info@eldhestar.is • www.hoteleldhestar.is

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

NÁMSKEIÐ HAUST 2010

Fræðslunámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru ætluð þeim sem vinna með börnum með þroskaraskanir og eru jafnframt opin aðstandendum. Námskeiðin eru bæði fræðileg og hagnýt.

Meðal þess sem verður í boði á haustmisseri:

- Að upplýsa einstakling á einhverfurófi um fötlunina
- Aspergersheilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi
- Atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu
- Börn með Downs-heilkenni í grunnskóla
- Börn með þroskafrávik - nám, hegðun og þátttaka í grunnskóla
- Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi
- Félagsfærni og þátttaka barna með Aspergersheilkenni
- Jákvæðar leiðir til bættrar hegðunar
- Ráðagóðir kennarar. *Hagnýtt námskeið byggt á hugmyndafræði hagnýtrar atferlisgreiningar*
- Skipulögð kennsla. *Byggt á hugmyndafræði TEACCH*
- Tákn með tali, grunn- og framhaldsnámskeið

Nánari upplýsingar og skráning á námskeið er á **www.greining.is**

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Hz hönnun

FASTUS

BRAVILOR BONAMAT

Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur að hella upp á 2,2 lítra af kaffi.

Fastus ehf. | S: 580 3900 | www.fastus.is

Texti: Hildur Loftsdóttir » **Myndir:** js

Endalaus hagræðing í stað umbóta

Þjónusta við nemendur er verri eftir efnahagshrunið, kjör kennara hafa versnað og framhaldsskólakennarar óttast nýju framhaldsskólalögin. Þetta er meðal fjölmargra áhugaverðra niðurstaðna sem Guðrún Ragnarsdóttir komst að við úrvinnslu rannsóknar sinnar „Líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara.“ Hildur Loftsdóttir talaði við Guðrúnu og spurði hana nánar út í rannsóknina, nýju framhaldsskólalögin og skoðanir hennar á því hvað væri brýnast að gera í málefnum framhaldsskóla.

Guðrún er framhaldsskólakennari og kennslustjóri í Borgarholtsskóla þar sem hún kennir efnafræði og lífsleikni. Árið 2006 minnkaði hún við sig vinnu eftir tíu ára kennslu við þrjá framhaldsskóla á landinu og hóf meistaranám í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík. Í því námi vann hún fyrrnefnda rannsókn í upphafi árs 2008. Eftir efnahagshrun og breytingar sem það hafði í för með sér gaf auga leið að margt hafði breyst sem varð hvatinn að því að endurtaka rannsóknina. Félagi framhaldsskólakennara fannst þetta góð hugmynd og styrkir seinni rannsókn Guðrúnar. Fyrstu niðurstöður eru í tveimur hlutum um breytt starfsumhverfi framhaldsskólakennara, efnahagskreppuna og ný framhaldsskólalög, en meira efnis er að vænta síðar því rannsóknirnar eru umfangsmiklar og gefa möguleika á fjölbreyttum úttektum.

Í fyrri hluta úttektar rannsakar Guðrún hvaða breytingar hafa orðið á líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara með hliðsjón af efnahagshruninu og hvert viðhorf kennara er til breytinganna. Seinni hlutinn snýr að nýjum framhaldsskólalögum og þar spyr Guðrún hvort breytingar hafi orðið á líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara við innleiðingu nýju laganna og hvert viðhorf kennara sé til hennar.

„Þetta er þýðisrannsókn þar sem öllum framhaldsskólakennurum var gefinn kostur á því að svara. Ég hélt inni flestum spurningunum frá rannsókninni 2008 og bætti við spurningum um áhrif efnahagskreppunnar og viðhorf til nýju framhaldsskólalaganna,“ útskýrir Guðrún. „Það er eðlismunur á rannsóknunum tveimur því sú fyrri var lögð fyrir á kennarafundi þar sem einungis þeim sem mættu á fundinn gafst færi á að svara. Þá var svarhlutfallið 87%. Í seinni rannsókninni var spurningalistinn afhentur beint öllum framhalds-skólakennurum og þá var svarhlutfallið 62%. Það er mjög vel hægt að álykta út frá þessum gögnum. Þau endurspegla þýðið mjög vel hvað varðar aldur þátttakenda,dreifingu og tegundir skóla, og einnig er góð dreifing á milli kynja.”

Hverjar reyndust svo helstu breytingarnar á högum framhalds-skólakennara eftir hrunið?

„Þeim finnst lífskjör sín hafa dregist saman eins og okkur flestöllum í þessu samfélagi. Hingað til hafa kennarar byggt laun sín mikið á yfirvinnu en eftir hrun eru yfirvinnustundirnar færri þrátt fyrir að nemendum hafi fjölgað um 5% frá fyrri rannsókn til þeirrar seinni og fjöldi stöðugilda við kennslu hefur staðið í stað samkvæmt Hagstofutölum. Mjög stórt hlutfall kennara var líka í aukavinnu utan kennslu og hún hefur einnig dregist saman.“

Þeim finnst lífskjör sín hafa dregist saman eins og okkur flestöllum í þessu samfélagi. Hingað til hafa kennarar byggt laun sín mikið á yfirvinnu en eftir hrun eru yfirvinnustundirnar færri.

Það er mikill ótti um starfsöryggi. Svo mikill að það kom mér einna mest á óvart af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Aukið sálfélagslegt álag á nemendum

En hvernig hefur viðhorf kennara breyst til starfsins?
„Samkvæmt rannsókninni skynja kennarar mun meira sálfélagslegt álag meðal nemenda. Það skapast bæði andlegt og félagslegt álag, væntanlega vegna vandamála sem tengjast kreppunni. Ef ég vísa til minnar reynslu, án þess að það komi fram í rannsóknargögnum, þá er kreppan mikið til umræðu í tímum og ég fann einkum fyrir því sem lífsleiknikennari þegar við fjölluðum um málefni líðandi stundar. Nemendur tala ennþá mjög mikið um þetta," segir Guðrún og bendir einnig á að ekki sé jafn mikil þjónusta í boði fyrir nemendur í skólanum og dregið hefur úr möguleikum á fjölbreyttu vali að mati þátttakenda rannsóknarinnar. Nú séu fleiri nemendur í hópi en áður var og þar af leiðandi minni möguleikar á góðri kennslu og góðu námi. „Kennurum finnst þeir ekki geta sinnt nemendum einstaklingsmiðað og á eins fjölbreyttan hátt og áður og áfangar hafa verið skertir. Í stað þess að kenndir séu sex tímar fara skólar fram á að kenndir séu fjórir tímar. Þegar fáir nemendur eru í hópi eru kennarar beðnir um að fara út fyrir reglugerðir um fjölda tíma bakvið áfangann."

Þýðir þetta að kennsla í skólum sé orðin verri eftir efnahagshrunið?
„Það má draga þá ályktun af svörum kennara. Þeir tala um að þeir geti ekki beitt eins fjölbreyttum kennsluháttum, einstaklingsmiðaðri kennslu og þeir hafa ekki eins mikinn tíma til að sinna nemendum og áður, sem er væntanlega andstætt þeirra gildismati. Flestir kennarar reyna að nálgast nemendur út frá fjölbreytileikanum því við erum öll ólík."

Er þetta ekki einmitt andstætt nýju framhaldsskólalögunum?
„Jú, þar á nemandinn að vera í brennidepli og nýju lögin snúast um það að auka fjölbreytileika í námi svo að ekki sé bara ein leið að „eðalnámi". Nemendur eiga að geta farið ólíkar leiðir í gegnum skólakerfið en samt verið jafn góðir og gildir þjóðfélagsþegnar," segir Guðrún, „og það má leiða líkur að því að brottfall meðal nemenda aukist ef þeir fá ekki þá þjónustu og þann stuðning sem þeir þurfa í kennslustundum."

Mikil vanlíðan og streita tengd óöryggi um starf

Í rannsókninni kemur einnig fram að skapast hafi mjög mikið starfstengt álag hjá kennurum í kjölfar kreppunnar. „Það er mikill ótti um starfsöryggi. Svo mikill að það kom mér einna mest á óvart af niðurstöðum rannsóknarinnar. Vanlíðan og streita eru tengdar þessu óöryggi. Streitan í samfélaginu hefur greinilega áhrif inn í starfið og öfugt. Þessi ótti tengist þó ekki bara kreppunni heldur einnig nýju framhaldsskólalögunum, því kennarar eru hræddir um sitt fag. Þeir eru ekki búnir að finna faginu sínu farveg í nýju lagaumhverfi að mínu mati. Í tengslum við lögin hefur til dæmis verið mikil umræða um dönsku og þriðja málið." Guðrún segir að kennarar séu hins vegar upp til hópa mjög ánægðir með það frelsi sem gefst innan nýju laganna sem kveða á um að skólar geti sjálfir skipulagt nám og námsbrautir. Það sé því mikil togstreita sem kennarar eiga í; óttinn um fagið sitt og ánægjan að fá að hanna og skapa. Hún segir kennara einnig kvarta yfir auknu starfsálagi vegna fjölmennari námshópa og telur mikilvægt að draga úr fjölda nemenda í námshópum til að koma í veg fyrir að of stórir hópar hafi neikvæð áhrif á gæði náms og kennslu.

Má þá ályktа að kennslan sé ekki bara orðin verri eftir hrun, heldur séu kennararnir líka verri vegna álagsins?
„Kennarar eru kannski ekki verri en þeir búa við aðrar starfsaðstæður og svigrúm til fjölbreyttrar kennslu er minna. Þessar niðurstöður eru vissulega áhyggjuefni því auðvitað hafa ótti, áhyggjur og vanlíðan áhrif á störf kennara. Rannsóknir hafa sýnt að streita hefur áhrif á framleiðni fyrirtækja og það má svo sem leiða líkur að því að það eigi einnig við um skóla."

Vantar stuðning frá ráðuneytinu

Guðrún segir nýju framhaldsskólalögin fela helst í sér að móta fjölbreyttari leiðir fyrir nemendur. Þau eigi að gera skólanum kleift að skapa sína sérstöðu um leið og nemandinn eigi að vera í brennidepli og þarfir hans hverju sinni. „Meginbreytingin er sú að við eigum að kenna út frá hæfni og leikni en ekki eingöngu þekkingu. Ég upplifi í mínu

Með þessu áframhaldi þá brenna kennarar út. Ég tel mikilvægt að veita kennurum handleiðslu, útbúa víðtæka verkferla og áætlanir til að bregðast við áföllum því atvinnuleysi herjar jafnt á heimili kennara eins og annarra þjóðfélagsþegna.

starfi að við í bóknámsgeiranum kennum út frá akademískum gildum, út frá þekkingu, en nýju lögin krefjast meiri leikni- og hæfniviðmiða. Lögin gefa líka skólakerfinu möguleika á því að sleppa prófatíma og kveða á um lengingu skólaársins. Námið á að vera verkefnamiðað og nota á fjölbreyttar nálganir að námsefninu. Við eigum að kenna nemendum að hugsa gagnrýnið en vissulega hafa margir bóknámskennarar verið að þróa sig í þá átt."

Samkvæmt rannsókn Guðrúnar er viðhorf framhaldsskólakennara til tiltekinna þátta laganna ekki sérstaklega jákvætt. Þeir virðast ekki telja að þau geti haft í för með sér minna brottfall úr námi og einungis helmingur kennara hefur trú á að þau geti styrkt framhaldsskólastigið og inntak námsins. Í þeim skólum sem byrjaðir eru að vinna eftir nýju lögunum, þ.e. Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og Kvennaskólanum í Reykjavík, er viðhorf kennara til nýju laganna hins vegar mun jákvæðara, samkvæmt rannsókninni. „Já, þeir sem hafa fengið tækifæri til að taka þátt í breytingunum, fá sérstaklega greitt fyrir og eru með sérstaka kjarasamninga virðast vera ánægðari með lögin. Og kannski með eigið sköpunarverk líka," segir Guðrún.

En hvað finnst þér um nýju framhaldsskólalögin?

„Mér finnst margt gott í lögunum en annað umhugsunarvert. Ég hef verið verkefnastjóri við innleiðinguna í mínum skóla. Þetta er þungur vagn að draga í efnahagskreppunni því það vantar fjármagn í verkið. Það vantar einnig upplýsingar og stuðning við skólana frá menntamálaráðuneytinu eins og kemur glöggt fram í gögnunum. Kennurum finnst ráðuneytið ekki styðja verkefnið nægilega vel. Enda eru þeir styrkir sem veittir hafa verið í þetta bara dropi í hafið."

Í skýrslu Guðrúnar kemur fram að í Finnlandi hafi það verið þáttur í að koma sér út úr efnahagskreppunni að efla menntakerfið. „Finnar hafa verið mjög duglegir að efla stutt nám og veita fólki réttindi til ýmissa starfa. Þetta hefur ekki tekist jafn vel á Íslandi. Hér er bara endalaus hagræðing. Nýju lögin stuðla að því að gera öllu námi jafn hátt undir höfði, hvort sem það er bóknám, verknám, starfsnám eða listnám. Þannig felst visst jafnræði í nýju lögunum," telur Guðrún.

Einnig kemur fram í skýrslunni að í gögnum frá OECD komi fram nákvæmlega það sama; að styðja eigi við menntakerfið í kreppum því áhugi á námi eykst þegar erfiðleikar eiga sér stað í efnahagslífinu. „Ráðuneytinu hér hefur einmitt ekki tekist vel að vinna með hópinn sem er 18 ára og eldri," segir Guðrún. „Þeir eru að banka upp á því þeir fá ekki vinnu, hafa jafnvel misstigið sig í lífinu og eru með brotinn feril. Sumir þeirra eru tilbúnir núna en komast ekki inn í skólana því forgangshópurinn er 18 ára og yngri. Þetta finnst mér mjög sorglegt. Kostnaður við að mennta nemanda sem er atvinnulaus er að öllum líkindum minni en sem nemur atvinnuleysisbótum og kostnaði af sálfélagslegum stuðningi sem þarf að veita atvinnulausum borgurum til lengri tíma litið ef þróunin heldur áfram svona. Tækifæri eldri hópsins eru mjög fá þegar skorin eru niður þau úrræði sem eru sérstaklega hönnuð fyrir hann, til að mynda dreif- og fjarnám."

Rannsókn á innleiðingarferlinu?

Hvað leggur þú til til umbóta?

„Ég legg til tíma til að innleiða nýju lögin. Mér finnst að kennarar þurfi að fá tíma til að aðlaga námið nýju lögunum og til að vinna að breytingum. Það er ekki hægt að bæta þessu ofan á daglega vinnu kennara. Það þarf að veita stuðning og fræðslu, það er ekki nóg að hafa opna vefsíðu. Vinnan kostar að sjálfsögðu peninga. Það þarf líka að veita styrki í fjölbreyttar skólagerðir, en tilraunaskólarnir eru báðir nokkuð einsleitir. Best af öllu væri að fá gott stuðningsteymi við innleiðinguna sem færi á milli skólanna. Auk þessa alls finnst mér líka nauðsynlegt að gera rannsókn á innleiðingarferlinu því við þurfum að vera tilbúin að snúa til baka ef nýju lögin bregðast; ef meira brottfall verður, ef einkunnir verða lakari og árangur slakari.

Þá þarf að sporna við þessum gífurlega fjölda í hverjum námshópi og ég tala nú ekki um skerðinguna," heldur Guðrún áfram. „Mikilvægt er að fara ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Með þessu áframhaldi þá brenna kennarar út. Ég tel jafnframt mikilvægt að veita kennurum handleiðslu, útbúa víðtæka verkferla og áætlanir til að bregðast við áföllum því atvinnuleysi og tekjumissir herjar jafnt á heimili kennara og annarra þjóðfélagsþegna, þar á ég við maka og börn. Að ég tali nú ekki um stjórnendur. Þeir taka erfiðar ákvarðanir og þurfa því stuðning eins og aðrir. Kennurum finnst stjórnunarhættir stjórnenda hafa versnað frá hruni. Ég dreg þá ályktun að það sé vegna þess að þeir þurfa að taka óvinsælar ákvarðanir. Síðan þarf að huga sérstaklega að smærri skólum því þeir eru ekki að koma sérstaklega vel út. Þar eru áfangar kenndir skertir, kennarar í meira mæli í hlutastörfum og kennarar vinna mikið utan skólanna með kennslu. Við þurfum að hafa virkt umbótastarf og vera í sífelldri endurskoðun."

Hvað tekur við þegar rannsókninni lýkur?

„Þá fer eintak í hvern framhaldsskóla fyrir sig og síðan er markmiðið að halda fyrirlestra um niðurstöðurnar. Ég hef þegar kynnt hlutann um efnahagskreppuna í menntamálaráðuneytinu. Það eru líka uppi hugmyndir um að kynna rannsóknina meðal félagsmanna," segir Guðrún sem á ærið starf fyrir höndum því þessir tveir hlutar sem hér hefur verið fjallað um eru einungis brot af stærri og víðtækari rannsókn á líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara.

Orðagull

Nýtt málörvunarefni styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn

Út er komið nýtt málörvunarefni eftir þær Bjarteyju Sigurðardóttir talmeinafræðing og sérkennara og Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Búi Kristjánsson sá um myndskreytingar. Þetta er verkefnahefti sem hentar elstu börnum leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla en getur einnig nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika í vinnsluminni og tvítyngdum nemendum á öllum aldri. Verkefnum er skipt í tvo hluta eftir þyngd. Verkefni í A–hluta þjálfa úrvinnslu á einföldum fyrirmælum en í B–hluta er unnið með úrvinnslu flóknari fyrirmæla. Bókinni fylgir geisladiskur með öllum vinnublöðum hennar (myndasíðum) ásamt skráningarblaði til að fylgjast með framförum nemenda. Vinnublöðin má hvort heldur er vinna sem stök verkefni eða setja saman í vinnuhefti fyrir einstaka nemendur. Spjöld með sjónrænum vísbendingum fylgja með til þess að hjálpa nemendum að skipuleggja sig, fá yfirsýn yfir verkið og virkja vitræna starfsemi.

Ein mikilvægasta forsenda náms er að geta unnið úr heyrnrænum fyrirmælum. Einnig er mikilvægt að hafa góðan orðaforða, geta munað fyrirmæli, kallað þau úr minni við endursögn og unnið úr þeim við skipulagningu og lausnaleit. Rannsóknir hafa sýnt að hægt er að styrkja vinnsluminni með markvissri þjálfun. Bjartey og Ásthildur segja, aðspurðar um væntingar, að þær voni einlæglega að kennsluefnið nýtist sem flestum börnum sem við lok leikskóla eða upphaf skólagöngu standa ekki jafnfætis jafnöldrum í heyrnrænni úrvinnslu og vinnsluminni.

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir

Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda 2011–2012

Stjórn Námsleyfasjóðs hefur opnað fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2011–2012. Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi **fyrir 1. október 2010** á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist kennslu nemenda með sértækar námsþarfir.

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfasjóðs:

a)Hafa gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.

b)Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.

c)Ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.

d)Að loknu námsleyfi skal námleyfishafi senda stjórn sjóðsins innan fjögurra mánaða staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.

e)Enginn getur fengið hærri fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.

f)Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta ár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Upplýsingar veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900, tölvupóstfang: gudfinna.hardardottir@samband.is

Texti: Kolbrún Baldursdóttir
Kolbrún er sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði
Mynd: Frá höfundi

Misskilningur um trúnað þegar barn leitar til fagaðila

Kolbrún Baldursdóttir

Sá misskilningur virðist vera hjá einstöku fagaðilum að í viðtölum við unglinga ríki fullur trúnaður. Unglingar sem leita til dæmis til námsráðgjafa eða skólahjúkrunarfræðings telja einnig oft sjálfir að um sé að ræða trúnaðarsamtal. Kolbrún Baldursdóttir upplýsir í þessari grein að svo er ekki í reynd.

Einstaka sinnum fréttist af tilvikum þar sem fagaðili í skóla hefur á þessari forsendu, þ.e. að um sé að ræða trúnaðarsamtal, látið hjá líða að upplýsa forsjáraðila um mikilvæg atriði sem fram hafa komið í viðtali við unglinginn með þeim afleiðingum að hagsmuna hans hefur ekki verið gætt sem skyldi.

Hið rétta er að í reynd ríkir enginn trúnaður milli fagaðila og unglings í viðtölum sé viðkomandi undir 18 ára aldri. Fagaðili þarf þess vegna að gæta þess að setja sig ekki í þá stöðu að hann og unglingurinn búi einir yfir upplýsingum sem eru alvarlegs eðlis. Að sjálfsögðu ber fagaðila ávallt að meta hvaða upplýsingar eru af þeim toga að greina verði forsjáraðilum frá þeim. Komi fram upplýsingar, vísbendingar eða grunsemdir um að hagsmunum unglingsins eða annarra barna sé með einhverjum hætti ógnað ber fagaðila að upplýsa forsjáraðila um það. Öðruvísi geta þeir ekki brugðist við með viðeigandi hætti, hvort heldur er með fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem fræðslu og leiðbeiningum, eða öðrum leiðum til lausnar.

Mun unglingurinn þá ekki segja frá?

Þau rök hafa heyrst í þessu sambandi að unglingurinn muni síður tjá sig um áhyggjuefni sín geti hann ekki treyst á fullan trúnað. Það kann að vera mat einhverra að einmitt þess vegna sé þagmælska fagaðilans mikilvæg. Hin hliðin á málinu er sú að ákveðin áhætta fylgir því að lofa unglingi fullum trúnaði vegna þess að málefni hans geta þróast á þann veg að fullorðnir verði með einum eða öðrum hætti að koma að þeim. Áhyggjuefni eða vandamál unglinga sem kunna að virðast léttvæg í viðtali geta tekið á sig alvarlegri myndir þegar fram líða stundir. Unglingurinn getur líka í viðtali við fagaðilann opinberað mál sem sá síðarnefndi sér í hendi sér að forsjáraðilar verði að fá upplýsingar um til að eiga möguleika á að aðstoða barn sitt. Hafi fagaðilinn þá áður lofað trúnaði á hann fárra annarra kosta völ en að brjóta hann.

Til að fyrirbyggja að þessi staða komi upp er góð regla að upplýsa skjólstæðing undir 18 ára aldri um það í upphafi samtals að þar sem hann er ekki orðinn sjálfráða sé ekki um eiginlegt trúnaðarsamtal að ræða. Komi upp í viðtalinu málefni sem fagaðilinn metur svo að forsjáraðilar þurfi að fá vitneskju um er sanngjarnt og eðlilegt að gefa unglingnum kost á að segja forsjáraðilum sjálfur frá því með eða án aðstoðar fagaðilans. Sé þessi valmöguleiki ekki fýsilegur unglingnum kemur í hlut fagaðilans að upplýsa forsjáraðila um málið. Hvenær og

Til að fyrirbyggja að þessi staða komi upp er góð regla að upplýsa skjólstæðinga undir 18 ára aldri um það í upphafi samtals að þar sem hann er ekki orðinn sjálfráða sé ekki um eiginlegt trúnaðarsamtal að ræða.

með hvaða hætti málið verður upplýst frekar er sjálfsagt að leggja undir stálpaðan ungling til að koma í veg fyrir að honum finnist að komið hafi verið aftan að sér eða gengið framhjá sér með einhverjum hætti.

Hvaða málum er ekki hægt að halda frá forsjáraðilum?

Með reynslunni lærist fagaðila að leggja mat á málefni, alvarleika þeirra og hugsanlegar afleiðingar. Ef skjólstæðingur er undir 18 ára aldri ber fagaðila að upplýsa foreldra ef unglingurinn segir til dæmis frá því að hann haldi að hann hafi einhverja sjúkdóma eða ef hann upplýsir að hafa verið beittur ofbeldi, þar á meðal einelti eða áreitni af einhverjum toga. Sama á við ef unglingurinn skýrir frá því að hann búi yfir álíka upplýsingum um aðra undir sjálfræðisaldri. Eins ber fagaðila að upplýsa forsjáraðila ef fram kemur í viðtalinu að unglingurinn stundi atferli sem geti verið honum andlega eða líkamlega skaðlegt eða viðhafi sjálfskaðandi/andfélagslega hegðun sem gæti haft skaðleg áhrif og alvarlegar afleiðingar fyrir hann. Hér er einungis drepið á það helsta sem upp gæti komið í viðtali við skjólstæðinga undir 18 ára aldri og sem mikilvægt er að upplýsa til þess að hægt sé að fylgja málum eftir með nauðsynlegum úrræðum.

Hver er afstaða forsjáraðila?

Án þess að ætla að tala máli allra forsjáraðila tel ég þó engu að síður líklegt að þeir séu oftast nær sáttir við fyrirkomulag af þessu tagi leiti barn þeirra til fagaðila, hvort heldur er innan skóla eða utan. Forsjáraðilar, sem sjá að barninu þeirra líður illa eða hefur áhyggjur sem það getur ekki tjáð sig nægjanlega vel um við heimilisfólkið, hvetja iðulega til þess að barnið ræði við fagaðila skólans, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing eða óska eftir að sálfræðingur komi að málefnum barnsins. Fæstir forsjáraðilar gera kröfu um að fá vitneskju um allt sem barnið segir í slíkum viðtölum. Flestir treysta einfaldlega dómgreind sérfræðinga til að leggja mat á upplýsingarnar og vinsa úr þær sem þurfa að berast foreldrum eigi þeir að geta rækt forsjárskyldur sínar með ábyrgum hætti.

ISRR SÍMENNTUN RANNSÓKNIR RÁÐGJÖF HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kennarar

áhugaverð námskeið

á haustönn

Námskeið á haustönn 2010

- Málfræði grundvöllur ritunar 21. og 23. september
- Mismunandi mál 12. og 14. október
- Barnasáttmálinn í leikskólastarfi 21. október
- Húmor í skólastofunni 21. október
- Að kenna málfræði 9. og 11. nóvember
- Myndbandagerð í tungumálakennslu
- Mindfullness (núvitund) fyrir kennara

nánari upplýsingar á

http://vefsetur.hi.is/srr



Íslensk framleiðsla

á stílabókum og gjafaöskjum fyrir handverksfólk

NÝTT 48 BLS

Reikningsbækur, tvær stærðir, 7 mm rúður

Verkefna- og úrklippubók, fjórir litir

Stílabækur, stórar og litlar, fjórir litir

Stílabækur A4 og A5 fjórir litir

Stílabækur, gormaðar í tveimur stærðum

Sögubókin mín, stór og lítil

Reikningsbókin mín, stór og lítil, 10 mm rúður

Skrift - æfingabækur 1,2 og 3

Úrval af allskonar öskjum, tilvalið fyrir handverksfókið

SPÍRALL
prentþjónusta ehf

Bæjarhrauni 20 – Sími 553 8383

Mörkuð stefna í tónlistarfræðslu í Reykjavík

Árangursríkur fundur tónlistarskólakennara og borgarstjóra

Þann 24. ágúst sl. gengu Sigrún Grendal, Árni Sigurbjarnarson og Jón Hrólfur Sigurjónsson í stjórn Félags tónlistarskólakennara (FT) á fund borgarstjóra og ræddu við hann um málefni íslenskra tónlistarskóla og stefnumörkun og rannsóknaniðurstöður um gildi listarinnar í menntun og mótun menntastefnu og -kerfa. Fundurinn var haldinn að frumkvæði FT og til að fylgja eftir bréfi sem félagið hafði sent nokkru áður. Að sögn Sigrúnar Grendal var fundurinn mjög góður en auk ofangreindra sátu hann þau Laufey Ólafsdóttir, Oddný Sturludóttir, Óttar Proppé og S. Björn Blöndal. „Þetta var jákvæður fundur og þar fóru fram mjög gagnlegar og faglegar umræður“, sagði Sigrún ennfremur eftir fundinn.

Þann 25. ágúst sl. var síðan haldinn 126. fundur menntaráðs Reykjavíkur. Þar voru svohljóðandi tillögur samþykktar samhljóða: 1. Menntaráð samþykkir að óska eftir 102 m.kr. viðbótarfjármagni vegna tónlistarskóla við borgarráð. 2. Menntaráð samþykkir að marka stefnu um tónlistarfræðslu í Reykjavík. Fræðslustjóra verði falið að skipa í starfshóp sem skili tillögum fyrir áramót. Leiðarljósið verði að efla fagvitund, kostnaðarvitund, samstarf og jafnræði þegar kemur að tónlistarnámi og öllu skipulagi tónlistarskóla í Reykjavík. Menntaráð samþykkir jafnframt að frá og með hausti 2011 verði tónlistarnám barna og ungmenna í forgangi. Því verði sett aldursviðmið um þá nemendur sem Reykjavík niðurgreiðir tónlistarnám hjá.

Þorgerður L. Diðriksdóttir (KFR) óskaði bókað eftirfarandi: Fulltrúi kennara leggur áherslu á að sveitarfélög þrýsti á samningaviðræður ríkis og sveitarfélaga um endurskoðun á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistarskóla. Í samræmi við verkaskiptingu í hinu almenna skólakerfi þá er hliðstæð nálgun í tónlistarskólakerfinu, sem ekki er aldurstengt, að miða annars vegar við grunn- og miðnám og hins vegar við framhaldsnám. Fulltrúi kennara vill beina því til menntaráðs að tekið verði mið af uppbyggingu tónlistarnáms í viðræðunum og lagt að ríkinu að taka framhaldsnám í tónlistarskólum í sinn hlut.

Starfshópurinn hefur verið myndaður og er að hefja störf. Það verður athyglisvert að fá niðurstöður hópsins en þeirra er að vænta fyrir áramót eins og fram kemur í síðari tillögunni. Í hópnum sitja Oddný Sturludóttir formaður menntaráðs, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, menntaráði, Sigurður Sævarsson tónlistarskólastjóri, Stefán Stefánsson tónlistarskólastjóri, Einar Jónsson stjórnandi skólahljómsveitar Grafarvogs, Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari í Háteigsskóla og Laufey Ólafsdóttir forstöðumaður tónlistarmála í Reykjavík.

Bréfið til borgarstjóra (sent 16. ágúst)

Efni: Tónlistarfræðsla og niðurskurður

Stjórn Félags tónlistarskólakennara (FT) vill byrja á því að lýsa ánægju sinni yfir þeim áherslum sem ný borgarstjórn færir inn í starfsemi Reykjavíkurborgar. **Við fögnum þeirri stefnu Besta flokksins að gera listir að grunnþætti í skólastarfi í samræmi við „Vegvísi fyrir listfræðslu“, stefnumörkunarskjal UNESCO, þar sem megin inntakið er að listir og menning þurfi að öðlast miðlægan sess í menntakerfum þjóða.**

Þessi stefna er í takt við umræðu og aðgerðir víða um heim þar sem horft er til fjölda rannsókna og stefnumarkandi pólitískra yfirlýsinga sem benda á nauðsyn þess að menntakerfið setji í forsæti að stuðla að alhliða persónuþroska einstaklinga í stað hefðbundinna áherslna á þekkingu og miðlun þekkingar. Rannsóknir sýna jafnframt að ein skilvirkasta leiðin til að vinna að alhliða persónuþroska einstaklinga er í gegnum listir og skapandi starf – og að almenna skólakerfið verði að opna fyrir utan að komandi þekkingu og getu.

Tónlistarskólar hafa bæði mennta- og menningarhlutverki að gegna og eru eitt öflugasta tækið sem sveitarfélög hafa til að efla menningar- og listastarfsemi í samfélaginu.

Í „The Wow Factor“, alþjóðlegri rannsókn um áhrif lista á menntun (UNESCO 2006), kemur fram að þar sem listum og menningu er gert hátt undir höfði í menntakerfi þjóða eru gæði almennrar menntunar hvað mest. Gæðin eru mest þar sem tekst að virkja sérþekkingu úti í samfélaginu til stuðnings hinu almenna skólakerfi.

Einnig má benda á að á ráðstefnunni „Skapende læring“ í Osló árið 2009 kom fram í erindi Paul Roberts, framkvæmdastjóra „Improvement and Development Agency for Local Government“ í Englandi, að til að halda áfram að þróa og bæta menntun sé ekki lengur hægt að halda áfram á sömu braut heldur verði að líta til nýrra viðmiða, þ.e. sköpunar og menningar („Creativity and Culture“).

„Besti flokkurinn vinnur að stöðugum umbótum á samfélaginu og vill skapa besta samfélag sem til er þar sem öllum líður vel.“ Í Vegvísi fyrir listfræðslu, sem Besti flokkurinn hefur komið inn á í sínum áherslum, er eftirfarandi dregið fram:

- Vandamál samfélaga í dag felst ekki í þekkingarskorti, heldur felst það í vanhæfni til að nýta fyrirliggjandi þekkingu út frá heildarhagsmunum þar sem umhyggja og réttlæti eru höfð að leiðarljósi.
- Mikil áhersla á bóknám fram yfir nám þar sem tilfinningar koma meira við sögu hefur valdið því að vaxandi gjá hefur myndast milli vitræns og tilfinningalegs þroska. Prófessor Antonio Damasio heldur því fram að þessi áhersla á hið vitræna á kostnað hins tilfinningalega eigi þátt í hrakandi siðferði í nútíma samfélagi.
- Tilfinningar eru samofnar allri ákvarðanatöku og virka sem leiðarljós eða vegvísir fyrir athafnir og hugmyndir, hugsun og dómgreind. Án aðkomu tilfinninga yrði hver athöfn, hugmynd eða ákvörðun alfarið byggð á rökrænum forsendum.
- Siðræn hegðun, sem er undirstaða samfélagslegrar tilveru, krefst tilfinningalegrar þátttöku. Prófessor Damasio heldur því fram að listfræðsla styrki friðarmenningu vegna þess að slík fræðsla stuðli að tilfinningalegri virkni og betra jafnvægi milli vitræns og tilfinningalegs þroska.

Stjórn Félags tónlistarskólakennara vill benda á að allt sem hefur komið fram hér að framan samræmist áherslum Besta flokksins um að byggja á inntaki Vegvísis fyrir listfræðslu í menntun þeirra sem erfa landið sem og að vinna að stöðugum umbótum á samfélaginu og skapa besta samfélag sem til er þar sem öllum líður vel.

Tónlistarskólar hafa bæði mennta- og menningarhlutverki að gegna og eru eitt öflugasta tækið sem sveitarfélög hafa til að efla menningar- og listastarfsemi í samfélaginu. Breyttar þarfir samfélaga á núlíðandi öld kalla eftir auknu vægi skapandi námsgreina í menntun auk þess sem fólk leitar í vaxandi mæli til lífsgæða sem felast í listum og menningu. Þetta á ekki síður við á krepputímum.

Framlag Reykjavíkur til tónlistarskóla og -fræðslu
Þegar fjöldi nemenda í tónlistarskólum á aldrinum 0-15 ára er skoðaður sem hlutfall af fjölda barna á grunnskólaaldri kemur fram að í Reykjavík komast hlutfallslega fæst börn og ungmenni í tónlistarnám.[1] Á mynd 1 sést að hlutfallið í Reykjavík er 19% á meðan hlutfallið er að meðaltali 34% utan höfuðborgarsvæðisins.



MYND 1 Fjöldi nemenda í tónlistarskólum á aldrinum 0-15 ára sem hlutfall af fjölda barna á grunnskólaaldri – eftir landsvæðum

Það sama er upp á teningnum þegar fjöldi nemenda í tónlistarskólum er skoðaður sem hlutfall af íbúafjölda. Á mynd 2 kemur fram að hlutfallið er 3,8% í Reykjavík en er að meðaltali 6,4% utan höfuðborgarsvæðisins.[2]



MYND 2 Fjöldi nemenda í tónlistarskólum sem hlutfall af íbúafjölda eftir landsvæðum

Þegar breytingar á fjárframlögum sveitarfélaga til tónlistarskóla milli áranna 2009 og 2010 eru skoðaðar sker Reykjavík sig einnig úr hvað varðar niðurskurð. Samkvæmt könnun sem FT framkvæmdi í mars 2009 hljóðaði meðaltals breyting á milli áranna 2009 og 2010 upp á tæplega 1% niðurskurð hjá tónlistarskólum utan Reykjavíkur. Í Reykjavík var niðurskurður upp á rúm 21%.

Þar sem listum og menningu er gert hátt undir höfði í menntakerfi þjóða eru gæði almennrar menntunar hvað mest. Og allra mest þar sem tekst að virkja sérþekkingu úti í samfélaginu til stuðnings almenna skólakerfinu.

Tónlistin rædd yfir kaffibolla á fundi ANMA á Listaháskólanum

„Engan niðurskurð í listkennslu, lífsleikni eða annarri þjónustu við börn“.

Stjórn Félags tónlistarskólakennara lýsir yfir verulegum áhyggjum af þróun mála hjá Reykjavíkurborg þar sem lítill skilningur hefur verið á gildi tónlistarfræðslu og hlutverki tónlistarskóla bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í víðum skilningi. **Við bindum vonir við að ný borgarstjórn fylgi eftir þeirri hugmyndafræði sem finna má stað í tilvísun Besta flokksins til Vegvísis fyrir listfræðslu og skorum á nýjan meirihluta að fylgja eftir orðum Besta flokksins „Engan niðurskurð í listkennslu, lífsleikni eða annarri þjónustu við börn.“**

Stjórn Félags tónlistarskólakennara lítur á frekari niðurskurð í starfsemi tónlistarskóla í Reykjavík sem alvarlega aðför að tónlistarfræðslu í Reykjavík sem og á landinu öllu þar sem ýmsir tónlistarskólar í Reykjavík hafa mikilvægu hlutverki að gegna m.a. fyrir langt komna tónlistarnemendur á landsvísu. Ekki verður heldur fram hjá því litið að Reykjavíkurborg er í mörgu tilliti fyrirmynd annarra sveitarfélaga hvað varðar stefnumótun og forgangsröðun.

Með vísan til alls þess sem að framan hefur verið sagt vill stjórn Félags tónlistarskólakennara benda á að þar sem framsýn mennta- og menningarstefna er höfð að leiðarljósi eiga tónlistarskólar og tónlistarfræðsla svo sannarlega heima undir hatti skilgreindrar „grunnþjónustu“ sveitarfélaga.

Í tengslum við sterka stöðu og frumkvæði Íslands á sviði lista, menningar og skapandi starfs teljum við að Ísland geti verið leiðandi í að nýta fyrirliggjandi og nýjar rannsóknir til þróunar skólakerfisins, til samræmis við breyttar þarfir samfélagsins á nýrri öld. Það er sýn FT að menntastefna dagsins í dag þurfi að vera gljúp og umlykja meira en tilteknar stofnanir hvers skólastigs. Við tökum heils hugar undir orð Besta flokksins um að Ísland eigi að vera í forystu á þessu sviði.

Stjórn Félags tónlistarskólakennara óskar hér eftir því að fulltrúar félagsins fái fund með þér, ágæti borgarstjóri, til að fylgja eftir innihaldi þessa bréfs. Jafnframt förum við þess á leit að formaður menntaráðs, Oddný Sturludóttir, sitji fundinn auk annarra þeirra sem borgarstjóri telur þörf á.

[1]Könnun Félags tónlistarskólakennara á starfsemi tónlistarskóla mars 2009
[2]Könnun Félags tónlistarskólakennara á starfsemi tónlistarskóla mars 2009

Einelti

Nauðsynlegt að minna á þennan vágest á hverju hausti

Já, hann er enn til þessi vágestur, því miður. Í fyrra kom út foreldrabæklingur hjá **Heimili og skóla** sem margir kennarar kannast við en full þörf er á að minna á. Þetta er auðvitað smárit **Þorláks H. Helgasonar** framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi ***Einelti, góð ráð til foreldra***.

Þar segir meðal annars: „Börnum á að líða vel í skóla, á heimili og í frístundastarfi. Foreldrar og aðrir sem koma að menntun og uppeldi barna gegna lykilhlutverki og bera ábyrgð á því að börn búi við öryggi. Aðgerðaáætlun gegn einelti í skóla er liður í að skapa nemendum umgjörð við hæfi, bæta skólabrag og efla bekkjaranda svo að tryggja megi að einelti þrífist ekki.

Rannsóknir sýna að einelti er algengast í tengslum við skólastarf og á meðal barna og unglinga. Framkoma kennara og annars starfsfólks, viðhorf (t.d. að taka einelti alvarlega) og starfshefðir í skólasamfélaginu geta skipt sköpum um hversu mikið eineltið verður í hverjum bekk eða skóla. Samhæfing skóla og heimilis um til dæmis hvað er við hæfi og hvað ekki þegar horft er á sjónvarp eða hvað er tilhlýðilegt í netsamskiptum skiptir miklu.

Í skólum og heima fyrir á að skapa börnum umhverfi sem einkennist af hlýlegum og jákvæðum áhuga og alúð hinna fullorðnu. En einnig þarf að setja reglur til að koma í veg fyrir óæskilega hegðun. Aðgerðaáætlun skóla þarf að ná til heimila og þeirra sem sjá um íþrótta- og tómstundastarf barna og unglinga. Kennarar, foreldrar og leiðbeinendur eiga að koma fram af myndugleika í samskiptum við barnið. Þeir fullorðnu verða að sýna staðfestu og taka ábyrgð á félagslegri stöðu barnsins en ekki bara mælanlegum árangri í skóla, íþróttum eða öðru félagsstarfi.

Í skýrum skólareglum/bekkjareglum, sem taka á einelti, eru dæmi um æskilega umgengni sem nemendum er kennt að virða og ræða t.d. á bekkjarfundum. Með því öðlast þeir skilning á hversu miklu skiptir að fylgja reglunum til að koma í veg fyrir einelti.

Eftirfarandi bekkjarreglur hafa reynst vel:
- Við leggjum ekki aðra í einelti.
- Við eigum að aðstoða þá nemendur sem verða fyrir einelti.
- Við eigum líka að vera með nemendum sem eru útundan.
- Ef við vitum að einhver nemandi er lagður í einelti eigum við að segja umsjónarkennaranum (eða öðrum starfsmanni) frá því og líka fólkinu okkar heima.“

Tilvitnunin er ...

úr bókinni *Pink brain, blue brain* eftir taugafræðinginn dr. Lise Eliot

„Kynferði skiptir máli. Sama hvað við reynum að koma eins fram við stelpur og stráka hafa þau ólíka styrkleika og veikleika og standa andspænis ólíkum áskorunum þegar þau vaxa úr grasi. **Strákar** eru viðkvæmari snemma ævinnar: þeir þroskast hægar, veikjast oftar og eru síður líklegir til að hafa náð góðum tökum á máli, sjálfsstjórn og fínhreyfingum þegar þeir hefja grunnskólagöngu. Á undanförnum árum hafa akademískar væntingar aukist hraðbyri og hægfara skólabyrjun stráka hefur því orðið þeim verulegur fjötur um fót, allt fram á miðstig eða jafnvel unglingastig. Þeir eru á eftir stelpum í að útskrifast, fá góðar einkunnir og vera leiðtogar í athöfnum utan námsins. Stelpur fara auðveldar í gegnum fyrstu árin, hjá þeim þyngist róðurinn um það bil frá og með gelgjuskeiðinu. Þá fer sjálfsöryggi þeirra að dala, áhugi þeirra á stærðfræði og raunvísindum minnkar. Fegurð og undirgefni verða skilgreining á hvað það er að vera ung kona. Þegar stelpur hafa komist yfir jarðsprengjusvæði unglingsáranna mæta þeim enn meira krefjandi verkefni í „alvöruheiminum“, þær basla við að samþætta mótsagnir í hugmyndum um metnað og kvenleika, auk togstreitu vegna gilda sem stangast á um vinnu og uppeldi.“

Þetta eru ágætir punktar sem dr. Eliot dregur fram en er ekki merkjanlegur munur á lýsingu á strákum og stelpum? Hjá strákum eru fremur dregnar fram staðreyndir (lægri einkunnir o.s.frv.) en á hjá stelpum óhlutbundnari þættir og orðað með þeim hætti að þeir liggi ekki síst hjá stelpunum sjálfum (þær eru í togstreitu og basla við mótsagnir). Hvar er stofnanabundið misrétti? Hvað finnst ykkur, lesendur góðir?

keg

Teikni-samkeppni BARNA

Í tilefni af **Vísindavöku 2010** efnir Rannís til teiknisamkeppni barna ***6-9 ára*** og ***10-12 ára.*** Efni myndanna skal vera ***„Ef ég væri vísindamaður...“***
Myndum skal skila í síðasta lagi 20. september merktar höfundi, aldri, símanúmeri og nafni forráðamanns til Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík.

Verðlaun verða veitt á Vísindavöku 24. september 2010.

Nánari upplýsingar á...

...www.rannis.is/visindavaka

Allir með!

Vísinda Vaka

Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

NORDPLUS

Nordplus styrkir samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum

Nordplus Junior

(Norðurlöndin og Eystrarsaltslöndin)

- Ferðir nemenda og kennara (mobility)
- Styrkir til samstarfsneta (networks)
- Styrkir til samstarfsverkefna (projects)
- Undirbúningsheimsóknir styrktar

Umsóknarfrestur v/undirbúningsheimsókna rennur út 15. október nk.

Nánari upplýsingar á:
www.nordplus.is

Landskrifstofa Nordplus
Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Háskólatorgi, 101 Reykjavík
Sími 525 4311

Samkeppni um myndverk og slagorð lokið

Efnt var til samkeppni um myndverk til birtingar í Skólavörðunni og slagorða til birtingar í henni eða Eplinu fyrr á þessu ári. Rúmur tugur verka barst og vann ekkert þeirra til 1.-3. verðlauna en höfundar tveggja verka hlutu viðurkenningu og fimmtán þúsund króna peningaverðlaun. Annað verkanna er birt á blaðsíðu 50 í þessu blaði og hitt verður birt í næsta tölublaði. Við þökkum öllum sem áttu innsend verk kærlega fyrir þátttökuna!

Tveir búnir að tilkynna framboð - frestur rennur út 15. október

Þau Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ og Þórður Á. Hjaltested varaformaður FG eru búin að tilkynna framboð sitt til formannskjörs KÍ. Hægt er að tilkynna framboð til 15. október. Sjá auglýsingu á bls. 28 í síðustu Skólavörðu og á vef KÍ, **www.ki.is**

Félagsmenn KÍ!

Nýtið ykkur ráðgjafarþjónustuna

Í síðasta blaði kynntum við nýja ráðgjafarþjónustu á vegum Skólavörðunnar og Kennarasambandsins. Hægt er að spyrja eftirtalda ráðgjafa um mál sem heyra undir þeirra verksvið. Nokkur erindi hafa borist þar sem óskað var eftir að bréfin yrðu ekki birt og hefur þeim verið svarað persónulega. Önnur bréf verða birt í Skólavörðunni eða á www.ki.is

Fyrirspyrjandi getur óskað nafnleyndar þótt hann gefi leyfi sitt fyrir birtingu bréfs.

Hvert á að senda fyrirspurn?

Á netfangið **kristin@ki.is** og merkja hana í bréfatitili með þessum hætti: RÁÐGJÖF (nafn ráðgjafa).

Dæmi: RÁÐGJÖF Margrét Gunnarsdóttir.

Starfsendurhæfing
Ráðgjafi: Margrét Gunnarsdóttir ráðgjafi KÍ hjá VIRK.

Kaup og kjör
Ráðgjafi: Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi KÍ.

Vinnuumhverfi
Ráðgjafi: Hafdís Dögg Guðmundsdóttir starfsmaður vinnuumhverfisnefndar KÍ.

Sigrún og Árni með toppfyrirlestra á ársfundi ANMA

Ársfundur ANMA, félags tónlistarháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum, var haldinn í Listaháskólanum dagana 6. og 7. september.

Til fundarins mættu rektorar tónlistarháskólanna og ræddu sín á milli um samstarf skólanna, markmið í alþjóðasamstarfi, þróun kennslu og endurmenntun. Einnig var borin saman mismunandi uppbygging tónlistarnáms á öllum námsstigum í viðkomandi löndum. Meðal framsögumanna á fundinum voru Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara (FT) og Árni Sigurbjarnarson, stjórnarmaður í FT og skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur. Þau Sigrún og Árni fluttu góða fyrirlestra sem vöktu athygli og umræður en fyrirlestra sína byggðu þau á könnun FT, „Greining á kerfi tónlistarskóla á Íslandi“, og fleiri gögnum. Í könnuninni eru ólík skólalíkön skoðuð út frá þjónustu-, kostnaðar- og virknistuðlum, skiptingu í námsáfanga, kennslugreinum, aldri nemenda o.fl. Þessi könnun auk úttektar Anne Bamford á stöðu listfræðslu á Íslandi eru meðal þess sem rætt er um á yfirstandandi svæðisþingum tónlistarskólakennara víða um land.

ALBA
Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur

www.alba.is
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík
stay@alba.is • Sími 552 9800

eTWINNING
RAFRÆNT SKÓLASAMFÉLAG Í EVRÓPU

Rafrænt skólasamfélag í Evrópu

- einfalt skólasamstarf gegnum netið
- góð leið til að virkja nemendur og auka vægi upplýsingatækni
- aðgangur að rafrænum verkfærum
- netöryggi
- endurmenntun kennara
- kostar ekkert

eTwinning | www.etwinning.is

Janusbúðin

Nýjar vörur!

Laugavegi 25
Reykjavík
s.552-7499

JANUS

Hafnarstræti 99-101
Akureyri
s.461-3006

www.janus.no

SKÓLAFÆRNI ATHUGUN

Matstæki til að kanna þátttöku og færni í skólastarfi hjá 6-12 ára nemendum með sérþarfir

Hverjum ætlað?
SFA er ætlað sérkennurum, kennurum, iðjuþjálfum, þroskaþjálfum, sálfræðingum og öðru fagfólki sem tengist nemendum með sérþarfir.

Lýsing
SFA beinir sjónum að frammistöðu nemenda við ýmis viðfangsefni og fjölbreyttar aðstæður í skólanum. SFA er markbundið matstæki og tekur til athafna sem styðja við nám og félagsleg samskipti í skólanum. Kennarar svara spurningalista um þátttöku, stuðningsþörf og færni nemandans.

Notagildi
SFA gefur hagnýtar upplýsingar og heildstæða sýn á styrkleika og þarfir nemandans. SFA stuðlar að þverfaglegri samvinnu um áherslur, markmið og leiðir í kennslu og þjálfun. SFA gagnast vel við endurmat, mat á framvindu og árangur af þjónustu.

Matstækið kostar kr. 36.000 og samanstendur af:
- Handbók á ensku.
- Kynningarhefti og Leiðbeiningahefti á íslensku.
- 25 spurningalistum á íslensku.

SFA er gefið út af Námsmatsstofnun. Boðið er upp á kynningar á matstækinu innan skóla, auk þess sem haldin verða námskeið á vegum Námsmatstofnunar sem hefjast haustið 2009. Nánari upplýsingar í síma 550-2400, namsmat@namsmat.is eða á www.namsmat.is.

NÁMSMATSSTOFNUN

Aðlaðandi er kennarinn ánægður

Pjattrófan gleymir aldrei kennara sem hún hafði eitt sinn í barnaskóla. Kennari þessi, sem var kona á fertugsaldri, þjáðist af einhverskonar truflunum í svitakirtlum en þetta olli því að öll skólastofan angaði af sterkri svitalykt.

Vesalings konan hefur eflaust verið samdauna þessu en lyktin fór sannarlega ekki framhjá nemendunum. Við áttum yfirleitt í mesta basli með að einbeita okkur að náminu því megnið af andlegu orkunni fór í að reyna að útiloka þessa yfirþyrmandi lykt frá skilningarvitunum.

Eins dásamlegt og það nú er þegar kennarinn ilmar vel er það jafn slæmt þegar hann eða hún gerir það ekki.

Vitaskuld á það að vera skylduverkefni allra kennara að vera snyrtilegir og vel til fara og sjá til þess að líkaminn gefi ekki frá sér truflandi lykt sem fer ekki framhjá neinum, nema þá kannski honum sjálfum.

Á sama hátt er virkilega ljúft að umgangast manneskju sem ilmar vel öllum stundum.

Til að ilma vel má fara ýmsar leiðir en það verður alltaf að gæta þess að lyktin verði ekki of sterk. Það er þessi fíni millivegur sem þarf að rata.

„Body lotion“ og sturtusápur með góðri lykt eru t.d. vörur sem eru vel til þess fallnar að láta þig ilma vel án þess að það fari of mikið fyrir því. Þannig getur t.d. ilmurinn af mildri vanillu lagst vel í nemendurna því vanilla vekur alltaf upp góðar tilfinningar enda vanilla í öllum rjómaís.

Merki eins og Biotherm framleiða svo ýmsar góðar líkamsvörur með sérlegum ilmkjarnaolíum sem ætlað er að hafa jákvæð og góð áhrif á skilningarvitin.

Létt ilmvötn eru jafnframt dásamleg svo lengi sem þau eru ekki ofnotuð. Þannig skaltu heldur úða aðeins yfir hárið eða út í loft og ganga svo inn í mistrið. Þetta gerir það að verkum að þú ilmar mátulega mikið og kemur ekki til með að kæfa neinn þegar þú horfir yfir öxlina á nemandanum. Ilmurinn helst líka betur í hárinu en á húðinni.

Móðir pjattrófunnar segist enn muna eftir lyktinni sem var af kennaranum hennar í Kársnesskóla en svo mikið dálæti hafði hún á þessum kennara að pjattrófan sjálf er skírð millinafni í höfuðið á henni.

Auðvitað er kennurum svo skylt að fara í sturtu á hverjum morgni, eða það á hverju kvöldi, en gættu þess að nota sápur sem þurrka ekki upp húðina og vel af rakagefandi og vellyktandi kremi á eftir.

Við íslendingar erum þjakaðir af rakaskorti enda erum við flest með of þurra húð. Húðlæknir einn tjáði mér að rakastigið í loftinu á Íslandi getur farið um 50% niður fyrir það sem æskilegt þykir svo að húðin hafi það sem best. Við þurfum því að hafa okkur öll við.

Hvað svitakirtlana varðar þá er um að gera að reyna að benda fólki góðlátlega á það ef lyktin verður of mikil. Oft gerir það sér nefninlega enga grein fyrir þessu.

Of sterk svitalykt getur orsakast af ýmsum kvillum en oft kemur hún til vegna þess að fólk er á lélegu mataræði, drekkur of mikið kaffi, reykir og/eða drekkur of lítið vatn.

Ef um er að ræða vandamál sem truflar verulega mikið, eins og hjá kennaranum mínum í æsku, er til dæmis hægt að kaupa efni sem heitir Aluminum Chloride en það fæst í næsta apóteki og á að virka gífurlega vel. Svo eru til fleiri aðferðir eins og að sprauta lyfi í handakrika og hleypa rafstraumi í gegnum saltvatn - en förum ekki nánar út í það

Líkaminn vill að við sinnum honum vel, vökvum hann og nærum og í staðinn skilar hann okkur góðri líðan sem hefur keðjuverkandi jákvæð áhrif á þá sem eru í kringum okkur.

Það líður ekki sá vinnudagur í lífi kennara að hann hitti ekki fullt af fólki á öllum aldri. Eðlilega líður þeim kennara því vel sem hefur jákvæð og aðlaðandi áhrif á allt þetta fólk.

Kennarinn ætti þessvegna ávallt að vera snyrtilegur og vel til fara eftir eigin „smag og behag“. Aðlaðandi fyrirmynd ungra nemenda sem eiga jafnvel eftir að muna eftir kennaranum sínum alla ævi og hugsanlega, ef vel tekst til, skíra börnin sín eftir þér.

En það gerist að öllum líkindum ekki ef minnining tengist aðallega sterkri svitalykt…

Með fallegri kveðju frá Pjattrófum.

http://pjattrofurnar.is

Krossgáta Skólavörðunnar



LÁRÉTT

2. Franskur heimspekingur og rithöfundur sem afþakkaði bókmenntaverðlaun Nóbels. (6)
5. Tónverk fyrir ákveðið hljóðfæri sem mikið var skrifað af á rómantíska tímabilinu. (9)
6. Ávextir Ribes x pallidum. (7)
9. Höfuðfat biskups. (5)
11. Borg sem Heinrich Schliemann fann. (9)
12. Dóttir Seifs og viskugyðjunnar Metisar. (5)
13. Stærsti íslenski ránfuglinn. (6)
14. Kirkjustaður í Kjós. (11)
17. Gauss-dreifing. (14)
19. Húsameistari. (8)
20. Fylki sem Dórótea sem fór til Oz bjó í. (6)
24. Kvikmynd sem gerði George Lucas heimfrægan. (4,4)
27. Rússneskur rithöfundur sem skrifaði Stríð og frið meðal annars (7)
29. „Er ég kem heim í _____“ (8)
31. Barn á frönsku. (6)
32. „Söngur blítt svefninn hvetur, _____ tvö geta’ ei betur“ (7)
34. Önnur aðalstöðin í taugakerfi hryggdýra. (5)
35. Gjaldmiðill Grikklands áður en þeir tóku upp evru. (6)
37. Minnst íslenskra anda. (6)
38. Fasi í frumuskipti þar sem spóluþræðirnir draga litninga í sundur (7)
39. Eyjaklasi austur af Papúa Nýju Gíneu. (13)
40. Söngkona sem söng „All Kinds of Everything“. (4)

LÓÐRÉTT

1. Rödd sem liggur á sviðinu C4 til C6. (6)
2. Félagsmenn í samtökum Baden-Powells. (6)
3. Það að vera jafnvígur á tvö tungumál. (8)
4. Listamannsnafn Guðmundar Guðmundssonar. (4)
5. Velþekkt hjákona Lúðvíks 15. Frakklandskonungs. (9)
7. Sjálfgefin orðaröð í íslensku er ____– umsögn – andlag. (7)
8. “Dimmar rósir eru minning þín. Heitar nætur eru þú og ég. Bjartir dagar eru _____ þitt” (6)
10. Höfundur Don Kíkóta. (9)
15. Í Ágripi af Noregskonungasögum er m.a. fjallað um _____ blóðöxi, son Haraldar hárfagra sem síðar varð konungur yfir Norðymbralandi. (5)
16. Sníkill í frumum sem er gerður úr kjarnsýrum og próteini. (5)
18. Höfuðborg Kanada (6)
21. Höfuðstöðvar lögreglunnar í Lúndúnum. (8,4)
22. _____Sigmundsdóttir, stofnandi Sólheima. (8)
23. Frumefni táknað með W. (7)
24. Sá sem kom frá landi sem notaði skammstöfunina CCCP. (8)
25. Rauður gimsteinn. (5)
26. Valmúi. (10)
28. Breyta gerð lags með því að hljómsetja það, breyta hljóðfæraskipan þess eða álíka. (7)
30. Hlunnindi æðarbónda. (8)
33. Sannleikann eða _____? Samkvæmisleikur. (6)
36. Rithöfundur fæddur í Prag sem skrifaði á þýsku. Frægustu verk hans eru Hamskiptin og Réttarhöldin. (5)

Lausn Krossgátu í 3.tbl Skólavörðunnar.





Höfundur: Elín Þóra Rafnsdóttir

Frá Lestrarsetri Rannveigar Lund



Viðbótarverkefni við allra hæfi með Fimm vinum.
Sýnishorn og nánari upplýsingar á www.lrl.is.
Verð kr. 4000.-

Kynning (1 klst.)á bókinni í skólum, í og utan Rvk.
Verð kr. 10.000.- (Styrkt af Endurmenntunarsjóði)

Geisladiskur með hugmyndum um kennslu í lestri og ritun á byrjendastigi.
Verð kr. 3.500.-

Réttindanámskeið fyrri hluti 22. okt. 10 - 16

Greinandi ritmálspróf

fyrir 14 ára nemendur

Verð alls kr. 22.000.-

Sendu ósk um kaup á efni eða fræðslu á netfangið rlund@ismennt.is

---

Tilbúnir blindrammar
og blindrammaefni.
Strekkjum striga á
blindramma.
Íblöndunarefni fyrir
olíu og akrýlliti.
Bob Ross
Olíu pastellitir
Olíulitir
Pappír
Pennar
Strigi
Teiknivörur
Vatnslitir
Þekjulitir
Penslar og áhöld

Þjónusta og fagleg ráðgjöf

LITALAND
Gæði og góð þjónusta

Höfðatorgi, Borgartúni 16 **Reykjavík** 562 2422, Furuvellir 7 **Akureyri** 461 2760, www.litaland.is

VERUM GÓÐ VIÐ NÁTTÚRUNA!

Trjálfarnir eru duglegir að flokka og skila

Fræðsluferðir í SORPU

SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið fræðslunnar er að nemendurnir kynnist því hvað verður um ruslið þeirra. Fjallað er um endurvinnslu og það hvernig hver og einn getur haft áhrif á umhverfið til góðs með því að flokka og skila.

FRÆÐSLUFERÐ 1.

Fræðslan fer fram í sal og móttökustöð SORPU þar sem mismunandi tegundir úrgangs eru meðhöndlaðar. Hægt er að panta ferðir klukkan 9.00 og 13.00. Ferðin tekur um klukkustund og er tekið á móti allt að 30 nemendum í einu. Nemendur koma með rútu, sem skólinn útvegar, á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

FRÆÐSLUFERÐ 2.

Hægt er að panta ferðir fyrir hádegi alla virka daga og tekur fræðslan um 30 mínútur. Nemendur geta komið með strætó á endurvinnslustöðvar SORPU þar sem fræðslufulltrúi tekur á móti þeim. Starfsemi stöðvarinnar er útskýrð fyrir nemendum og þeir fræddir um úrvinnslu úrgangsins.

Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir er að finna á www.sorpa.is.

SORPA bs · Gufunesi · 112 Reykjavík · sími: 520 2200 · sorpa@sorpa.is · www.sorpa.is

SORPA